

Mánudaginn 11. febrúar 1946.

Nr. 112/1945. **Ottó Jörgensen, Þóroddur Guðmundsson, Kristján Sigtryggsson, Guðbrandur Magnússon og Óskar Garibaldason**

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

**Jóhanni Þorvaldssyni, Hjörleifi Magnússyni, Haraldí Gunnlaugssyni, Jónasi Jónassyni, Halldóri Kristinssyni, Kristjáni Sigurðssyni og Skafta Stefánssyni**  
**og gagnsök.** (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Innsetningarmál. Samvinnufélög.

### Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. september 1945, krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og innsetningargerð verði úr gildi felld og gagnáfrýjendum dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 30. janúar 1946, hafa skotið málinu til hæstaréttar með stefnu sama dag, hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað in solidum fyrir hæstarétti.

Svo sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði, greinist Kaupfélag Siglfirðinga í 4 deildir samkvæmt heimild í 19. gr. lága um samvinnufélög nr. 46/1937. Dagana 1.—5. júní 1945 voru haldnir fundir í deildum og þar kosnir fulltrúar og varafulltrúar til setu á aðalfundi kaupfélagsins í samræmi við ákvæði nefndrar greinar samvinnulaganna og samþykktir kaupfélagsins. Voru 63 aðalfulltrúar kjörnir og 31 varafulltrúi. Auglýst var með þeim hætti, sem boðið er í samþykktum kaupfélagsins, að aðalfundur skyldi haldinn 7. júní 1945. Á þann aðalfund komu, eftir því sem bókað er, 59 fulltrúar, en 61 voru viðstaddir atkvæðagreiðslu síðar á fundinum. Virðast þeir allir hafa verið teknir gildir fundarmenn. Á þessum tíma höfðu risið deilur og ýfingar innan

félagsins vegna ýmissa framkvæmda, er stjórn kaupfélagsins hafði staðið að, og í þremur deildum kaupfélagsins höfðu hlotið kosningu fulltrúar, sem andvígir voru stjórn kaupfélagsins og töldu, að ýmsar gerðir hennar væru kaupfélaginu mjög óhagkvæmar og fjárhagslega hættulegar. Þá litu þeir svo á, að stjórnin hefði ráðizt í framkvæmdir, sem lægju fyrir utan markmið og verkahring kaupfélagsins.

Á aðalfundinum kom upp sundurþykkja milli meirihluta fulltrúa og formanns kaupfélagsins, sem fundarstjórn hafði á hendi. Var því á fundinum borin upp tillaga um að fresta konum til 10. s. m. og fela framkvæmdarstjóra og stjórn „að auglýsa fundinn af nýju“ og geta þess í fundarboði, að bornar yrðu fram tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Fundarstjóri leitaði einungis atkvæða um frestun fundar, en neitaði gegn vilja fundarmanna að bera undir atkvæði tillöguna að öðru leyti. Svo synjaði hann og fundarmönnum þess að ganga til atkvæða um framkomna tillögu um takmörkun á valdi stjórnarinnar. Leiddi þessi fundarstjórn til þess, að einungis 15 fulltrúar greiddu atkvæði um fundarfrestun, en aðrir fulltrúar greiddu ekki atkvæði. Var fundinum síðan frestað.

Hinn 10. s. m. var aðalfundur settur af nýju. 63 fulltrúar virðast hafa verið á fundi þessum. Á fundinum var lögð fram tillaga til dagskrár, þar sem 44 fulltrúar víttu fundarstjórn formanns stjórnar kaupfélagsins og samþykktu að kjósa annan fundarstjóra þegar í stað. Formaður, sem enn var í sæti fundarstjóra, neitaði að bera tillögu þessa undir atkvæði. Kvaddi þá einn fulltrúa, Bjarni Jóhannsson, sér hljóðs, las tillöguna upp, leitaði atkvæða fulltrúanna um hana og nefndi tvo fulltrúa til að telja atkvæði. Samkvæmt þeirri talningu var tillagan samþykkt með 44 samhljóða atkvæðum. Því næst lét Bjarni fulltrúa ganga til atkvæða um kosningu fundarstjóra, og var Jóhann Þorvaldsson kjörinn fundarstjóri með 43 atkvæðum.

Það verður að lita svo á, að formaður kaupfélagsstjórnar hafi ranglega synjað að bera undir atkvæði áðurgreindar tillögur, sem fram komu 7. júní, svo og tillögu þá um kosningu annars fundarstjóra, sem þegar er greind og fram kom

á fundinum 10. júní. Þar sem formanni kaupfélagsstjórnar hafði farið fundarstjórn svo illa úr hendi og hann ekki gætt rétttra reglna, þá var kosning nýs fundarstjóra heimil. Meira en tveir þriðju hlutar allra þeirra fulltrúa, sem á fundi voru, greiddu því atkvæði að skipta um fundarstjóra. Af hendi gagnáfrýjenda hefur því verið haldið fram, að ekki verði mark tekið á atkvæðagreiðslu þessari bæði sökum þess, að í mesta lagi 38 fullgildir fulltrúar hafa samþykkt að skipta um fundarstjóra, og vegna þess að talning atkvæða hafi ekki verið framkvæmd með nægilega öruggum hætti. Af skjölum málsins virðist mega álykta, að 63 fulltrúar hafi komið á fund þenna. Af þeim 44 fulltrúum, sem guldu því atkvæði að skipta um fundarstjóra, voru, að því er ætla má, 12 vara-fulltrúar. Nú er svo kveðið á í 5. gr. reglna um kosningu deildarstjórna og fulltrúa fyrir kaupfélagið, að varamenn taki sæti aðalmanna í forföllum þeirra eftir atkvæðamagni. Þessu ákvæði hafði verið beitt þannig, að vanti aðalfulltrúa á fund, hefur verið tekinn gildur varamaður, sem komið hefur úr sömu deild, og það jafnvel þótt annar varamaður, er fjarverandi var, kynni að hafa meira atkvæðamagn. Var og á sjálfum fundinum 10. júní ekki hreyft athugasemdum við setu varamanna þar. Ber því að meta öll atkvæðin gild.

Ekkert er fram komið í málinu, er sanni það, að atkvæðagreiðslan á fundinum 10. júní hafi verið ógreinileg eða talningu atkvæða þar ábótavant.

Tók nú Jóhann Þorvaldsson við fundarstjórn, voru fundarritarar kosnir, og hélt fundurinn áfram um stund í sama fundarsal, án þess að fulltrúar þeir, sem í minnihluta voru, vildu hlíta valdi meirihluta. Varð af þessu truflun á fundinum, og leiddi af því, að hinn nýkjörni fundarstjóri og 42 fulltrúar, er virðast hafa greitt honum atkvæði, fóru í önnur salarkynni í sama húsi, héldu fundinum þar áfram og afgreiddu þar ýmis mál, en einn fulltrúi úr hópi meirihluta vék af fundi. Var þar á fundinum m. a. gerð ályktun um, að kaupfélagsstjórninni væri óheimilt að gera bindandi samþykktir fyrir félagsins hönd nema með samþykki meirihluta fulltrúa, þar til aðalfundi væri lokið. Loks var samþykkt að fresta aðalfundinum af nýju til 21. júní og fela

framkvæmdarstjóra og fundarstjóra að boða með auglýsingu til þess fundar, þar sem getið væri, að á fundinum yrði tekin til meðferðar tillaga til breytinga á samþykktum félagsins, er fram kom á fundinum 10. júní og þar var útbýtt, áður fulltrúar meirihluta og minnihluta skildu, en tillaga þessi miðaði að því, að stjórn félagsins skyldi skipuð 7 mönnum, kosnum á aðalfundi, í fyrsta skipti á aðalfundi 1945. Þá skyldi og kjósa 3 varamenn. Kjörtími aðalmanna skyldi vera 4 ár, þó þannig, að úr stjórn þeirri, sem fyrst væri kosin, gengi einn maður eftir eitt ár og síðan tveir á ári.

Vikur nú sögunni að fulltrúum minnihlutans. Eftir að fundarstjóri og fulltrúar meirihluta höfðu vikið úr sal þeim, þar sem fundurinn 10. júní var settur, hélt formaður kaupfélagsstjórnar og 18 fulltrúar með honum þar fundi áfram og töldu sig afgreiða þar ýmis mál. En þar sem samkoma meirihlutans var samkvæmt því, sem að framan er lýst, lög- mætur og ályktunarfær aðalfundur, verður samkoma minnihlutans ekki skoðuð aðalfundur að lögum.

Næst gerist það, að þeir aðaláfrýjendurnir Ottó Jörgensen, Guðbrandur Magnússon, Þóroddur Guðmundsson og Kristján Sigtryggsson, sem voru í stjórn kaupfélagsins, gerðu hinn 16. júní ályktun kaupfélagsstjórnar um að reka úr félaginu 29 fulltrúa meirihlutans. Hinn 18. s. m. gerðu og aðaláfrýjendurnir Guðbrandur Magnússon, Þóroddur Guðmundsson, Kristján Sigtryggsson og Óskar Garibaldason enn ályktun kaupfélagsstjórnar að reka úr félaginu alls 41 félagsmann. Brottrekstur fulltrúanna var rökstuddur með því, að þeir hefðu gerzt brotlegir við samþykktir félagsins og fundarsköp með háttarni sínu á aðalfundi. Brottrekstur fulltrúanna var algerlega ólög mætur, þar sem þeir fóru löglega með æðsta vald í kaupfélaginu, svo sem áður er rakið. Þá var og ólögleg gegn vilja aðalfundarins boðun funda í þremur deildum kaupfélagsins svo og fundir deildanna 18. og 19. júní, enda komu á deildafundi þessa einungis 73 af 460 deildamönnum, og á engan fundinn kom einn þriðji deildamanna, sbr. 6. gr. reglna um kosningu deildarstjórna og fulltrúa kaupfélagsins og 2. gr. fundarskapa félagsins.

Samþykkt var og tilkynnt á aðalfundinum 10. júní að fresta fundarstörfum til 21. júní. Fullvist má telja eftir gögnum málsins, að bæði fulltrúum og félagsmönnum hafi 11. júní verið kunnugt, að aðalfundi skyldi haldið áfram 21. júní og að á dagskrá væri tillaga sú til breytinga á samþykktum félagsins, er útbýtt var á fundinum 10. júní, áður meiri og minnihlutinn skildu. Á aðalfundinum 21. júní var samþykkt með 46 samhljóða atkvæðum greind breyting á samþykktum félagsins, og fór samkvæmt því fram kosning 7 manna í stjórn félagsins og þriggja varamanna. Hlutu gagnáfrýjendur í máli þessu kosningu í stjórn kaupfélagsins, svo sem greinir í úrskurði fógæta. Þar sem ósamþykki aðaláfrýjenda og fulltrúa þeirra, er með meirihlutavald fóru á aðalfundi, var orðið svo mikið, að loku var skotið fyrir samstarf þeirra á milli, og þar sem aðaláfrýjendur höfðu ekki virt lögmetar ályktanir aðalfundarins og auk þess á ólögmetan hátt gert tilraun til að reka fulltrúana, þá þykir 20. gr. samvinnulaga nr. 46/1937 ekki hafa verið því til fyrirstöðu, að kosin væri ný stjórn á fundinum 21. júní.

Samkvæmt þessu þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjendum málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ottó Jörgensen, Þóroddur Guðmundsson, Kristján Sigtryggsson, Guðbrandur Magnússon og Óskar Garíbalðason, greiði in solidum gagnáfrýjendum, Jóhanni Þorvaldssyni, Hjörleifi Magnússyni, Haraldi Gunnlaugssyni, Jónasi Jónassyni, Halldóri Kristinssyni, Kristjáni Sigurðssyni og Skafta Stefánsyni, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður fúgetaréttar Siglufjarðar 6. september 1945.

Í bréfi, dagsettu 11. júlí 1945, fóru gerðarbeiðendur í máli þessu, stjórn Kaupfélags Siglufirðinga, kosin 21. júní 1945, þeir Jóhann Þorvaldsson barnakennari, Hverfisgötu 4, Hjörleifur Magnússon bæjarfúgetafulltrúi Hólavegi 25, Haraldur Gunnlaugsson skipasmíður, Túngötu 25, Jónas Jónasson verkstjóri, Lindargötu 17, Halldór Kristinsson héraðslæknir, Aðalgötu 8, Kristján Sigurðsson verkstjóri, Eyrargötu 6, og Skafti Stefánsson útgerðarmaður, Snorrargötu 7, allir á Siglufirði, þess á leit við bæjarfúgetann á Siglufirði, að hann setti þá með beinni fúgetagerð inn í öll umráð bóka og eigna Kaupfélags Siglufirðinga sem lögmæta stjórn félagsins, en um þau höfðu gerðarþolar, áður kosin stjórn Kaupfélags Siglufirðinga, þeir Ottó Jörgensen símastjóri og póstafræðslumaður, Suðurgötu 36, Þóroddur Guðmundsson alþingismaður, Eyrargötu 12, Kristján Sigtryggsson húsgagnasmíður, Vetrarbraut 17, Guðbrandur Magnússon kennari, Grundargötu 16, og Óskar Garibaldason skrifstofumaður, Hvanneyrarbraut 25, allir á Siglufirði, neitað gerðarbeiðendum. Var málið fyrst tekið fyrir í fúgetarétti Siglufjarðar 14. júlí 1945, en því réttarhaldi lauk á þann veg, að hinn reglulegi fúgeti kvað upp úrskurð um, að hann viki sæti í málinu. Hinn 18. júlí 1945 skipaði dómsmálaráðherra Gunnar A. Pálsson lögræðing í Reykjavík setufúgeta í málið. Hefur hann því farið með það að öllu leyti, síðan hinn reglulegri fúgeti vék sæti, og þá einnig kveðið upp úrskurð þenna.

Að undangenginni gagnasöfnun og öðrum venjulegum undirbúningi, var mál þetta munnlega flutt í fúgetarétti Siglufjarðar dagana 21. og 22. ágúst 1945 og að því loknu tekið til úrskurðar.

Réttarkröfur gerðarbeiðenda eru þær, að þeir verði með innsetningargerð settir inn í öll umráð bóka og eigna Kaupfélags Siglufirðinga sem lögmæt stjórn þess, allt á þeirra ábyrgð, og að gerðarþolum verði gert að greiða þeim málskostnað eftir mati fúgetaréttarins.

Réttarkröfur gerðarþola eru þær, að synjað verði um hina umbeðnu innsetningargerð og að þeim verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Enn fremur krefjast gerðarþolar hæfilegrar tryggingar frá gerðarbeiðendum, verði hin umbeðna innsetningargerð framkvæmd.

Þess skal getið, að í fyrstu beindu gerðarbeiðendur máli þessu og gegn kaupfélagsstjóra Kaupfélags Siglufirðinga, en í réttarhaldi 24. júlí 1945 féll umboðsmaður þeirra frá því.

Gerðarbeiðendur skýra svo frá málavöxtum, að frá aðalfundi Kaupfélags Siglufirðinga, héreftr skammstafað K.F.S., sem haldið var dagana 27. apríl og 7. maí 1944, hafi stjórn félagsins verið þannig skipuð: Ottó Jörgensen gerðarþoli formaður, Þóroddur

Guðmundsson gerðarþoli varaformaður, Guðbrandur Magnússon gerðarþoli ritari, Kristján Sigtryggsson gerðarþoli meðstjórnandi og Kristján Sigurðsson gerðarbeiðandi meðstjórnandi. Séu þeir Ottó, Þóroddur og Kristján Sigtryggsson allir fylgismenn Sósíalístaflokksins og hafi þeir því saman myndað meirihluta í stjórninni. Meirihluta þessum hafi þeir náð með því að smala fólki, er þeim fylgdi, í félagið fyrir aðalfundinn 1944. Eftir að stjórnarmeirihluti þessi hafi tekið við völdum í félaginu, hafi hann brátt farið að gera ýmsar ráðstafanir, er hafi verið þess eðlis, að meirihluti félagsmanna hafi fyllt óánægju og gremju í hans garð, og einnig hafi komið í ljós, að rekstur og rekstrarútkoma félagsins hafi verið þannig, að ekki hafi verið við unandi. Enn fremur hafi framkoma formanns stjórnarinnar í ýmsu verið slík, að óhæf verði að teljast.

Það, sem gerðarbeiðendur telja einkum ámælisvert hjá stjórninni eða meirihluta hennar og við framkomu formanns stjórnarinnar fyrir aðalfundinn 1945, verður nú rakið í stuttu máli. Skýra gerðarbeiðendur frá því, svo sem nú greinir:

1. Kaupfélagið eigi 18 þúsund króna hlutabréf í h/f Gilslaug, en það félag mun vera stofnað á árinu 1942. Félag þetta hafi á sínum tíma tekið á leigu land og hitaréttindi til starfrækslu gróðurhúsa í landi jarðarinnar Gils í Fljótum, en sú jörð er eign Þórodds Guðmundssonar gerðarþola. Byggt hafi verið gróðurhús að Gili, og hafi ætlunin verið að starfrækja þau, en veturinn 1943—1944 hafi húsin fokið. Þau hafi þó verið endurbyggt sumarið 1944, en starfræksla þeirra gengið mjög illa. Þrátt fyrir þetta hafi stjórn K.F.S. lagt allmikið fé umfram hlutaféð í áhættu fyrir h/f Gilslaug og það jafnvel, eftir að aðalfundur K.F.S. 1944 hafi verið búinn að samþykkja, að félagið skyldi ekki binda sér meiri fjárhagslegar byrðar vegna h/f Gilslaugar en þá var orðið. Muni hafa verið svo komið s. l. áramót, að K.F.S. hafi að öllu samanlögðu átt í áhættu hjá h/f Gilslaug um kr. 70000.00. Meirihluti félagsmanna K.F.S. hafi því talið áhættu þá, er búið var að stofna K.F.S. í fyrir h/f Gilslaug, allt of mikla og stjórninni með öllu óheimilt að auka hana, a. m. k. án samþykkis fulltrúafundar, en þess muni ekki hafa verið leitað. Loks telja gerðarbeiðendur stjórnarmeirihlutann í K.F.S. hafa ívilnað h/f Gilslaug á óréttmætan hátt bæði með því að gefa félaginu um helming alls afsláttar, er K.F.S. gaf viðskiptavinum sínum 1944, eða um kr. 5000.00, og einnig með því að láta það hafa ýmsar vörur fyrir um kr. 15000.00 fyrir s. l. áramót, sem þó ekki hefðu verið færðar félaginu til reiknings a. m. k. þá samtímis.
2. Seint á árinu 1944 hafi stjórn K.F.S. keypt vörubirgðir verzlunarinnar Önnu og Gunnu, en aðaleigandi þeirrar verzlunar

hafi verið systir Þórodds Guðmundssonar gerðarþola. Enn fremur hafi stjórnin um sama leyti keypt vörubirgðir verzlunarinnar Geislans, er mágur Þórodds hafi átt í félagi við annan mann. Kaupverð varanna hafi verið nálægt kr. 150000.00, en útsöluverð þeirra nálægt kr. 200000.00. Meirihluti þessara vara muni hafa verið tilbúinn fatnaður og vefnaðarvara, gamlar vörur og lítt útgengilegar, svo að tvímæla laust sé, að kaupin hafi verið óhagstæð K.F.S., enda ástæðulaus með öllu. Hafi því meirihluti félagsmanna verið þeim andvígur og gagnrýnt þau mjög harðlega.

3. Seint á s. l. ári hafi stjórnin keypt síldarsöltunarstöð dánarbús Ingvars Guðjónssonar á Siglufirði fyrir kr. 355000.00, án þess að leita áður álits fulltrúafundar eða félagsfundar um kaupin, en til þess telja gerðarbeiðendur stjórninni tvímæla laust hafa borið skyldu, því að með kaupum þessum og fyrirhugaðri starfsemi í sambandi við þau hafi verið farið út fyrir verksvið K.F.S. samkvæmt 2. gr. samþykktu félagsins. Kaup þessi hafi og verið of stórfengleg til þess, að rétt væri fyrir K.F.S. að ráðast í þau, eins og fjárhag þess sé og hafi verið háttáð. Seinna hafi stjórnarmeirihlutinn svo stofnað h/f Söltunarfélag Kaupfélagsins, er hafi þann tilgang að annast síldarsöltun, og hafi K.F.S. fyrir atbeina stjórnarmeirihlutans verið látið leggja til helming hlutafjár þess, eða kr. 125000.00. Með þessu hafi og verið farið út fyrir verksvið K.F.S. Telja gerðarbeiðendur félagsstjórnina hafa brotið samþykktir félagsins með báðum þessum ráðstöfunum, enda hefði þurft að breyta samþykktum K.F.S. til þess, að þær væru heimilar.
4. Vegna framkomu meirihluta stjórnarinnar hafi sumir beztu starfsmenn K.F.S. ekki viljað vinna hjá félaginu, og af því hafi leitt, að þeir hafi farið, og hafi þá í stað þeirra verið teknir hreinræktaðir flokksmenn stjórnarmeirihlutans.
5. Ekki hafi stjórnarmeirihlutinn þolað neina grgrnýni og hafi hann t. d. rekið ábyrgðarmann blaðsins Neista úr félaginu, en það blað hafi hafið gagnrýni út af starfsemi og rekstri K.F.S. Svo ástæðulaus hafi brottrekstur Ólafs verið, að á aðalfundi K.F.S. 7. júní 1945 hafi verið samþykkt tillaga með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, er ógilti brottreksturinn og taldi hann jafnframt ofbeldisráðstöfun, er enga stoð ætti sér í samþykktum og reglum K.F.S.
6. Rekstrarútkoma K.F.S. hafi verið með fádæmum léleg s. l. ár og það svo, að þess muni engin dæmi finnast í neinu kaupfélagi hér á landi. Reikningar félagsins sýni að vísu tekjuafgang kr. 12724.91, en það sé mjög villandi. Í raun rétttri sé mikill tekjuhali hjá félaginu. Meðalálagning s. l. ár muni hafa verið rúmlega 21%. Afskrift vörubirgða hafi hins vegar verið

aðeins rúmlega 19%, eða 2% neðan við meðalálagningu. Samkvæmt afskriftarreglum fyrir félög í S.Í.S. beri þeim að afskrifa vörubirgðir sínar um meðalálagningu að viðbættum a. m. k. 5%, en samkvæmt því hefði K.F.S. átt að afskrifa vörubirgðir sínar um rúmlega 26%. Hefði þeim reglum verið fylgt, hefði afskriftin átt að aukast um ca. 70 þúsund krónur, en við það hefði tekjuhalli K.F.S. árið 1944 orðið um kr. 60000.00. Flest kaupfélög hafi á árinu 1944 afskrifað vörubirgðir sínar um 30% af útsöluverði, og hefði K.F.S. gert það, myndi tekjuhalli félagsins hafa numið um kr. 95000.00. Þetta telja gerðarbeiðendur gerast í K.F.S. á sama tíma og önnur sambandsfélög greiði félagsmönnum sínum arð að meðtöldu stofnsjóðsgjaldi, er nemi frá 7%—13% af ágóðaskyldri úttekt þeirra.

Á starfsárinu 1944 telja gerðarbeiðendur, að vörurýrnum hjá K.F.S. hafi orðið óeðlilega mikil, eða á milli 110000.00 og 120000.00 krónur. Muni hún í einni deild félagsins hafi verið um 11%, en óeðlileg verði vörurýrnum að teljast, sé hún um eða yfir 2%. Á vörurýrnuninni hafi engin frambærileg skýring fengizt. Þá telja gerðarbeiðendur og, að af ýmsu sé auðsætt, að bókhaldi félagsins sé harla ábóta vant. En allt bendi það, er talið hefi verið í þessum lið, ótvírátt til þess, að stjórnin hafi ekki gætt hagsmuna félagsins, svo sem henni var skylt, og að hún hafi vanrækt nauðsynlegt eftirlit með rekstri þess.

7. Á aðalfundi K.F.S. árið 1944 telja gerðarbeiðendur framkomu félagsformanns, er stjórnaði þeim fundi, hafa verið slíka, að ekki hafi verið við unandi. Nefna þeir sem dæmi, að á fundinum hafi Kristján Sigurðsson gerðarbeiðandi flutt tillögu varðandi trúnaðarmanna- og félaginu, er ræddur var 7. liður dagskrárinnar, er var kosning nokkurra trúnaðarmanna. Sé svo bókað í fundargerðabók aðalfundarins, að formaður hafi úrskurðað, að tillaga Kristjáns skyldi teljast undir 8. lið dagskrárinnar, er var: Önnur mál. En er að þeim lið hafi komið og komið hafi fram tillaga, er m. a. hafi hniðið í þá átt að hefja umræður um tillögu Kristjáns, hafi formaður lýst yfir, að hann vísaði síðarfluttu tillögunni frá, þar eð dagskrárliðurinn, er hún ætti að teljast til, val trúnaðarmanna, væri þegar afgreiddur á lögmætan hátt. Hafi þannig tillaga Kristjáns alls ekki fengizt rædd á fundinum. Þá hafi formaður og á ýmsan hátt annan beitt aðalfundinn ólögum, t. d. hafi hann meinað Halldóri Kristinssyni gerðarbeiðanda að tala um nýgreinda tillögu Kristjáns Sigurðssonar, hann hafi talið atkvæði einn og neitað að skipa teljara, einnig hafi hann neitað að taka til greina athugasemdir, er gerðar hafi verið við

tillögur. Fundi hafi hann slitið, áður en fundargerðin fengist lesin upp, og neitað hafi hann að taka ný mál á dagskrá.

Þá hafi stjórnin og haft að engu ýmsar samþykktir og ályktanir aðalfundarins, t. d. samþykktina um, að K.F.S. hætti ekki meira fé í h/f Gilslaug en búið væri, svo og þá samþykkt fundarins, að stjórnin skyldi sjá um, að samþykktir félagsins yrðu teknar til rækilegrar athugunar í deildum félagsins nægilega snemma til þess, að breytingar á þeim, er nauðsynlegar kynnu að teljast, gætu orðið samþykktar á næsta aðalfundi, þ. e. aðalfundinum 1945.

8. Gerðarbeiðendur skýra svo frá, að í gildi hafi verið samningur um kaupfélagsmál milli Framsóknarfélags Siglufjarðar, Alþýðuflokksfélags Siglufjarðar og Sósíalistafélags Siglufjarðar. Hafi þessi samningur á sinum tíma verið gerður vegna togstreitu, er verið hafi í K.F.S., sem verið hafi óheppileg fyrir félagið. Hafi samningurinn því verið gerður í því skyni að tryggja hagsmuni kaupfélagsins með því að fyrirbyggja deilur viðkomandi stjórnarmálaflokka innan vebanda þess, t. d. um kosningar í stjórn félagsins. Samningi þessum hafi Sósíalistafélag Siglufjarðar sagt upp frá 1. janúar 1944 að telja, en vafalaust sé, að stjórnarmeirihlutinn í K.F.S. hefði getað afstýrt uppsögninni, ef hann hefði viljað. Hann hafi hins vegar ekki gert það, en af uppsögn samningsins hafi síðan leitt illvigar deilur, er á allan hátt hafi haft slæmar afleiðingar á málefni K.F.S.

\* Við þær ásakanir, er í framangreindum liðum, 1—8, felast í garð stjórnarinnar eða meirihluta hennar og félagsformanns, hafa gerðarþolar gert eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Við 1. Hlutaféð í h/f Gilslaug hafi verið lagt fram, á meðan Framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn skipuðu meirihluta í stjórn K.F.S. Enn fremur hafi K.F.S. á árinu 1943, en þá hafi stjórn þess enn verið skipuð Framsóknar- og Alþýðuflokksmönnum að meirihluta, gengið í ábyrgð fyrir h/f Gilslaug fyrir kr. 30000.00 og lánað hlutafélaginu vörur fyrir kr. 11000.00. Á því ári hafi gróðurhúsin fokið og uppskeran eyðilagzt, en hið síðargreinda hafi verið að kenna garðyrkjumanni félagsins, er haft hafi meðmæli frá S.Í.S., þegar hann var ráðinn. Fjárhagur h/f Gilslaugar hafi því verið slæmur vorið 1944 og aðstaða slæm, þar sem gróðurhúsin hafi verið eyðilögð. Ekki hafi því verið nema um tvennt að velja fyrir K.F.S., annaðhvort að láta gera h/f Gilslaug upp sem gjaldþrota og þá að tapa því fé, er það hafði lagt í hlutafélagið, eða að byggja gróðurhúsin af nýju, fá nýjan garðyrkjumann og freista á þann hátt að vinna upp fyrri skakkaföll og tryggja K.F.S. það fé, er það hefði lagt í hlutafélagið. Sá kostur hefði verið valinn og horfi nú betur um málefni Gilslaugar en áður.

Þá telja gerðarþolar rangt, að ekki hafi verið leitað samþykkis fulltrúafundar um endurbyggingu húsanna. Það hafi verið gert 8. apríl 1944 og fulltrúafundur þá samþykkt endurbygginguna, jafnframt því sem hann hafi veitt h/f Gilslaug veðleyfi fyrir endurbyggingar- og rekrararláni og lofað, að K.F.S. gengi ekki að félaginu til greiðslu skuldar þess við kaupfélagið. Eftir aðalfundinn 1944 hafi K.F.S. hvorki lagt fram hlutafé í h/f Gilslaug né gengið í ábyrgðir fyrir það. Skuld félagsins við K.F.S. hafi einnig verið mun minni í árslok 1944 en í ársbyrjun. Þá telja gerðarþolar og rangt, að h/f Gilslaug hafi verið gefinn óeðlilega mikill afsláttur, svo og það, að búið hafi verið að afhenda félaginu vörur um s. l. áramót, er ekki hafi verið bókfærðar samtímis.

Við 2. Gerðarþolar telja, að vörubirgðakaup þau, er um ræðir í þessum lið, séu þannig til komin, að nefndar verðlanir hafi boðið K.F.S. vörubirgðir sínar til kaups um mánaðamótin október og nóvember 1944. Hafi þáverandi kaupfélagsstjóri, Sigurður Tómasson, viljað kaupa vörubirgðirnar, enda hafi það verið á hans valdi. Hann hafi þó viljað fá samþykki stjórnarinnar til þess, þar sem um óvenjuleg vörukaup hafi verið að ræða. Hafi þeirra fjöggra stjórnarmanna, er á fundi hafi verið, þegar kaupin voru rædd, samþykkt þau, þ. á m. gerðarbeiðandinn Hjörleifur Magnússon, en Þóroddur Guðmundsson gerðarþoli hafi ekki greitt atkvæði, og sé því með öllu rangt, að hann hafi komið kaupunum á vegna venzlafólks síns, en því hafi gerðarbeiðendur haldið á loft. Vörubirgðirnar hafi kostað um kr. 150000.00, og hafi það verið hagstæð kaup, enda hafi vörurnar verið góðar, og muni þegar vera seldur af þeim helmingur eða ef til vill tveir þriðjuhlutar með hagnaði fyrir K.F.S. Þá hafi það og mælt með kaupunum, að K.F.S. hafi getað gengið inn í leigusamning verzlunarinnar Geislans og þannig getað framkvæmt ályktun, er aðalfundur K.F.S. 1944 hafi gert um, að athugaðir væru möguleikar á að stækka vefnaðarvöruverzlun félagsins, en það hafi til þess tíma reynzt ómögulegt. Enn fremur hafi K.F.S. verið heimilt að undanskilja kaupunum það af vörum verzlunarinnar Geislans, er félagið ekki vildi. Eigendur hvorra- tveggja vörubirgðanna hafi loks skuldbundið sig til að setja ekki upp vefnaðarvöruverðlanir á næstu árum, og sé að þessu öllu athuguðu ljóst, að þessi skipti hafi yfirleitt verið hagstæð K.F.S.

Við 3. Gerðarþolar skýra svo frá, að 8. október 1944 hafi öll stjórnin, þ. á m. gerðarbeiðandinn Kristján Sigurðsson, samþykkt að gera tilraun til að festa kaup á sildarsöltunarstöð fyrir félagið með framtíðarstarfrækslu fyrir augum. Hafi einkum verið hafðar í huga stöðvar dánarbúa Ingvars Guðjónssonar eða Ole Tynes, og í stjórnarsamþykktinni verið gert ráð fyrir 250000.00 króna hámarksverði á þeim hvorri um sig. Hafi stjórnin talið hyggilegra að gera ráð fyrir svona lágu verði, ef ályktunin spyðist, en hins

vegar hafi henni ekki komið til hugar, að stöðvarnar yrðu seldar svo ódýrt. Kaupin hafi síðan komið á um Ingvarsstöðina, en verðið verði kr. 355000.00 með söltunaráhöldum, er gerðarþolar telja rúmlega 25000.00 króna virði, og megi verð stöðvarinnar teljast hagstætt K.F.S. Kaupin hafi síðan verið borin undir fulltrúafund 4. janúar 1945, er hafi samþykkt þau. Ársleiga stöðarinnar sé kr. 40000.00 og geti orðið allt að kr. 60000.00, ef mikið sé saltað, og verði það að teljast góðar tekjur af eigninni. Á sama fulltrúafundinum, sem kaupin hafi verið samþykkt, hafi meirihluti stjórnarinnar lagt til, að stofnað væri hlutafélag um rekstur stöðvarinnar, en minnihlutinn hafi viljað, að K.F.S. starfrækti stöðina sjálft. Hlutafélagssstofnun hafi orðið ofaná og K.F.S. orðið aðalhluthafi í því félagi og eigi þar helming hlutfjár. Telja gerðarþolar hag K.F.S. betur borgið með þessu fyrirkomulagi, þar sem síldarsöltun sé áhættusamur atvinnuvegur, þótt arðvænn sé stundum, og öruggara sé fyrir K.F.S. að fá góða leigu eftir stöðina frá söltunarfélaginu en að starfrækja hana sjálft, þótt hins vegar komi þar á móti, að það fái ekki nema helming þess ágóða, er á stöðinni verði, þegar um ágóða af rekstri hennar verði að ræða.

Við 4: Gerðarþolar telja rangt, að sumir beztu starfsmenn K.F.S. hafi farið úr þjónustu þess vegna framkomu meirihluta stjórnarinnar við þá, svo og, að þeir hafi stutt að því, að nokkrir óhæfir starfsmenn hafi verið teknir í þjónustu félagsins.

Við 5: Gerðarþolar skýra svo frá, að blaðið Neisti, er Ólafur H. Guðmundsson sé ábyrgðarmaður að, hafi birt mjög ósæmilegar greinar um K.F.S., til þess fallnar að rýra álit þess og vekja tortryggni félagsmanna. Stjórnin hafi líka öll samþykkt að höfða mál gegn honum út af tiltökinni grein. Þegar skrifum Neista um K.F.S. hafi ekki linnt að heldur, þá hafi stjórnin samþykkt með 4 atkvæðum gegn atkvæði Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda að víkja Ólafi úr félaginu, enda hafi það verið fullkomlega réttmæt ráðstöfun, eins og á stöð, og jafnvel bein skylda stjórnarinnar.

Við 6: Gerðarþolar viðurkenna, að rekstrarútkoma K.F.S. hafi verið frekar léleg árið 1944, en telja, að þar sé mest um að kenna óvenjulega mikilli vörurýrnun, einkum í matvörubúð, um 11%, og enda nokkurri í vefnaðarvörubúð. Telja þeir ekki unnt að ásaka stjórnina um neitt í sambandi við það, þar eð eftirlit með slíku hvíli á kaupfélagsstjóranum, en ekki hafi verið venja að láta fara fram vörukönnun nema einu sinni á ári. Stjórnin geti ekki annað gert en að láta yfirskoða reikninga félagsins og sannreyna rýrnunina svo og að skipta um þá menn, er fyrst og fremst verði að telja þera ábyrgð á henni. Hvorttveggja hafi verið gert. Yfirskoðun reikninga sé hafin, Sigurður Tómasson hafi hætt kaupfélagsstjóra-störfum og Björn Dúason hætt störfum sem deildarstjóri matvörudeildar. Þá telja gerðarþolar afskrift af vörubirgðum í árslok 1944

hafa verið mjög svipaða og árið áður eða þó kannske heldur minni. Muni afskriftin 1943 hafa verið um 20%, en 1944 um 19%, en ekki muni það þó muna meira en því, að hagnaðurinn 1944 lækkaði um ca. kr. 10000.00, og yrði þannig ca. rúmar kr. 2000.00, ef afskrifað hefði verið eftir sömu reglum og árið 1943. Telja þeir afskriftina eðlilega og því ranga þá staðhæfingu gerðarbeiðanda, að hún sé of lág, og þær ályktanir, er þeir draga af því, þess vegna markleysur.

*Við 7:* Gerðarþolar telja, að rétt hafi verið af formanni á aðalfundinum 1944 að vísa tillögu Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda varðandi trúnaðarmannaþing í K.F.S., er fram kom undir 7. lið dagskrárinnar: Kosningar, til 8. dagskrárliðarins: Önnur mál, enda eigi kosningar í trúnaðarstöður að fara fram umræðulaust. Um þessa tillögu hafi Halldóri Kristinssyni verið neitað að ræða, þegar hún kom fram, og hafi sú neitun verið réttmæt af sömu ástæðu. Þegar að 8. dagskrárlið hafi komið, hafi tillaga Kristjáns verið aftur tekin, en önnur komin í hennar stað, sem átt hefði undir 7. dagskrárlið, er þegar hefði verið afgreiddur. Hefði þeirri tillögu því að réttu verið vísað frá. Formaður hafi skipað tvo talningamenn á aðalfundinum, þegar þess hafi verið óskað og ágreiningur hafi verið um atkvæðatalningu. Formaður hafi slitið fundi, þegar öll mál, er fyrir hafi legið, hafi verið afgreidd. Stjórnin hafi farið eftir fyrirmælum aðalfundarins 1944 um að leggja ekki meira fé í h/f Gilslaug en þá hefði þegar verið búið. Að því er varði samþykkt aðalfundarins um undirbúning væntanlegra samþykktabreytinga af hálfu stjórnarinnar, þá hafi félagsmönnum verið sent fyrirspurnarbréf, sem fáir hafi að vísu svarað.

*Við 8:* Ekki telja gerðarþolar það geta verið ásökun á stjórnina eða meirihluta hennar, að samkomulagi því, er verið hafi í gildi milli Framsóknar-, Alþýðuflokks- og Sósíalistafélags Siglu-fjarðar, hafi verið sagt upp af hálfu Sósíalistafélagsins. Slikt sé stjórnarmeirihlutanum óviðkomandi og honum væri því ekki um að kenna, enda þótt uppsögnin hefði haft einhverjar óheppilegar afleiðingar fyrir K.F.S.

Hafa þá verið raktar ásakanir gerðarbeiðenda á hendur stjórninni eða meirihluta hennar svo og félagsformanni fyrir aðalfundinn 1945 og enn fremur svör og athugasemdir gerðarþola við þeim. Nokkurs misræmis gættir í frásögnum og skýringum aðilja, og verður það nú athugað, að svo miklu leyti sem skjöl og önnur gögn málsins gera kleift.

*Um 1.* Ekki hefur reikningur h/f Gilslaugar við K.F.S. verið lagður fram í málinu, og er því ekki unnt að sjá með vissu, hvernig skiptum þeirra er farið. H/f Gilslaug sýnist þó hafa verið allfjárfrekt fyrirtæki og litlar tekjur hafa haft enn þá a. m. k. Virðist svo sem K.F.S eigi allmikið fé í hættu hjá hlutafélaginu og að

gengið hafi verið alllangt í því að styðja það, t. d. þegar fulltrúafundur K.F.S. samþykkti 8. apríl 1944 að veita h/f Gilslaug veðleyfi fyrir endurbyggingar- og rekstrarláni og lofaði jafnframt, að K.F.S. gengi ekki að h/f Gilslaug til greiðslu skulda hlutafélagsins. Samþykkt þessi var gerð með 16 atkvæðum gegn 13, og virðist meirihluti stjórnarinnar hafa staðið að henni. Ekki liggja fyrir sannanir um, að fulltrúafundur hafi beinlínis samþykkt endurbyggingu gróðurhúsa h/f Gilslaugar, en framangreint veðleyfi fulltrúafundarins og loforð um að ganga ekki að félaginu til greiðslu skulda þess við K.F.S. þykja þó gera líklegt, að meirihluti mætttra fulltrúa hafi verið endurbyggingu hlyntur.

Um 2. Ekki liggja fyrir nein gögn, er unnt sé að ráða af, hve hagstæð K.F.S. hérgreind vörubirgðakaup hafa verið. Í fundargerð stjórnarfundarins, sem kaupin voru rædd á, er bókað, að verð vörubirgðanna til K.F.S. væri útsöluverð að frádregnum 27%. Hvernig verð þetta hefur verið fyrir K.F.S., hefur að sjálfsögðu farið alveg eftir því, um hvaða vörur var að ræða, hvort þær voru seljanlegar, hvernig ástand þeirra var o. s. frv., en um þetta liggja engin gögn fyrir. Engin hlunnindi fyrir K.F.S. virðast hafa fylgt kaupunum á vörum verzlunarinnar Önnu og Gunnu, og einnig sýnast vörurnar hafa verið keyptar upp til hópa af þeirri verzlun. Af vörum verzlunarinnar Geislans mátti hins vegar undanskilja það, er K.F.S. ekki vildi, og einnig fékk K.F.S. verzlunarhúsnaði í sambandi við þau kaup.

Um 3. Eftir því, hvernig tilgangur K.F.S. er skilgreindur í 2. gr. samþykkt þess, verður að telja, að hérgreind söltunarstöðvar-kaup og söltunarfélagsstofnun hafi verið utan starfssviðsmarka félagsins. Virðist því, að sjálfsagt hefði a. m. k. verið að halda fulltrúafund um kaupin, áður en þau voru fullráðin, enda var hér og um að ræða stórfenglega ráðstöfun, sem líkleg var til þess að geta haft mikil áhrif á hag K.F.S. í framtíðinni.

Um afskipti Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda af kaupum þessum er það eitt upplýst, að hann samþykkti tillöguna 8. október 1944 um, að gerð yrði tilraun til að festa kaup á söltunarstöð og kaupverð „miðað við 200—250 þúsund króna hámarksverð á stöðvum dánarbúa Ingvars Guðjónssonar eða O. Tynes“. Hvort hann hefur viljað, að stjórnin gengi endanlega frá kaupunum a. m. k. fyrir svona hátt verð, án þess að leggja málið áður fyrir almennau félagsfund eða fulltrúafund, er ekki unnt að ráða í af gögnum málsins.

Um 4. Sem dæmi um menn, er gengið hafi úr þjónustu K.F.S. vegna framkomu stjórnarinnar, hafa gerðarbeiðendur einkum nefnt þá Árna Jóhannsson bókara og Björn Dúason deildarstjóra. Ekki hefur umsagnar þeirra verið leitað um þetta atriði, og því ekki unnt neitt um það að segja.

Um 5. Ekki hafa greinar þær um K.F.S., er birtust í Neista og Ólafur H. Guðmundsson var rekinn úr félaginu fyrir, verið lagðar fram í málinu. Verður þannig ekki séð, hversu réttlætanagerður brottrekstur hans hefur verið. En hins vegar taldi yfirgnæfandi meirihluti aðalfundarfulltrúanna 1945 brottrekstur Ólafs ofbeldisráðstöfun eina af hálfu meirihluta stjórnarinnar og ógilti hann með 43 atkvæðum gegn 15.

Um 6. Af gögnum málsins þykir sýnt, að rekstrarútkoman hjá K.F.S. árið 1944 sé mjög léleg og að rétt muni vera hjá gerðarbeiðendum, að hún sé í raun réitri verri en reikningar félagsins sýna, þar eð minna hefur verið afskrifað af vörubirgðum en varlegt má telja. Virðist svo af gögnum málsins sem rekstrarhalli hefði orðið á árinu, hefði afskriftin verið eðlilega há. Á vörurýrnuninni hefur engin skýring fengizt. Bendir þetta hvorttveggja til þess, að hagsmunu K.F.S. hafi ekki verið gætt sem skyldi, hverju eða hverjum, sem um er að kenna.

Um 7. Þegar tillaga Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda varðandi trúnaðarmannaval kom fram á aðalfundinum 1944 undir 7. dagskrárlið: Kosningar, neitaði félagsformaður, sem var fundarstjóri aðalfundarins, að bera hana upp undir þeim dagskrárlið og neitaði einnig Halldóri Kristinssyni gerðarbeiðanda að ræða hana. Vísaði hann tillögunni undir 8. dagskrárlið: Önnur mál. Ekki verður séð, að Kristján hafi tekið tillögu sína aftur, og verður því að ætla, að hún hafi legið fyrir, þegar kom að 8. dagskrárlið, enda flutti Kristján sjálfur ásamt Halldóri Kristinssyni tillögu undir þeim dagskrárlið, er í síðari hluta sínum fór fram á, að tillaga sú, er Kristján flutti undir 7. dagskrárlið og fundarstjóri hafði þá bannað að ræða og vísað til 8. dagskrárliðs, yrði tekin til umræðu. Þá tillögu neitaði fundarstjóri að bera upp og gaf fundinum heldur ekki kost á að ræða tillögu Kristjáns, sem hann þó hafði vísað til 8. dagskrárliðs. Þessi meðferð fundarstjóra á tillögum þessum virðist ekki verða skilin á annan hátt en þann, að hann hafi viljað komast hjá að láta ræða tillögu Kristjáns, og geta má þess hér, að engin þau ákvæði sýnast vera í samþykktum eða fundarsköpum K.F.S., er gætu valdið því, að óheimilt hefði verið að ræða hana, og virðist því eðlilegast, að hún hefði verið rædd undir 7. lið dagskrárinnar.

Þau atriði önnur, er gerðarbeiðendur ásaka formann um undir þessum lið, þ. e. að hann hafi talið atkvæði einn, neitað að skipa teljara, neitað að taka til greina athugasemdir um tillögur, neitað að taka ný mál á dagskrá og loks slitið fundi, áður en fundargerðin væri lesin upp, komu fram á aðalfundinum í fyrra í mót-mælum, er þau frú Guðrún Björnsdóttir og Trausti Reykdal létu bóka eftir sér, þegar fundinum hafði verið slitið. Svaraði formaður þeim einnig með bókun í fundargerðarbókina. Eru svör

formanns ekki skýr, og mótmælum þeirra frú Guðrúnar og Trausta ekki gerð þau skil sem skyldi. Kveðst formaður hafa skipað tvo talningamenn, þegar þess hafi verið óskað af fulltrúum og ágreiningur hafi verið um atkvæðatalningu. Ásökuninni um, að hafa neit- að að taka til greina athugasemdir um tillögur, svarar formaður ekki, og ásökunum um, að hafa neitað að taka ný mál á dagskrá og að hafa slitið fundi, áður en fundargerðin væri lesin, svarar formaður orðrétt á þessa leið: „Fundarstjóri sleit fundi, þegar öll mál voru afgreidd, sem fyrir lágu, en það jafnframt fulltrúa að bíða, meðan ritari læsi fundargerðina. Þar sem svo virðist sem nokkrir vanstilltir fundarmenn ætluðu sér og gerðu tilraun til að spilla fundarfriði, var ekki hægt að viðhafa önnur fundarsköp, einnig í fullu samræmi við framkomu einstakra fundarmanna.“ Ekki verður af þessu svari ráðið með vissu, hvort formaður hefur leyft að taka ný mál á dagskrá eða hvort fundargerð hefur verið lesin upp í fundarlok, en helzt virðist þó, sem svo hafi ekki verið.

Hvort K.F.S. hefur lagt fé til h/f Gilslaugar eftir aðalfundinn 1944, verður ekki séð af gögnum málsins. — Ekki verður annað séð af því, sem fram hefur komið í málinu, en að stjórnin hafi vanrækt að sjá um framkvæmd þeirrar ályktunar aðalfundarins 1944, að samþykktir félagsins yrði teknar til athugunar í deildum þess nægilega snemma til þess, að hugsanlegar breytingartillögur gætu legið fyrir aðalfundinum 1945. Fyrirspurnarbréf það, sem gerðarþolar nefna í þessum lið, varðar ekki á neinn hátt samþykktabreytingar og var heldur ekki sent deildunum, heldur félagsmönnum almennt. Bréf þetta sýnist hins vegar hafa verið sent samkvæmt annari ályktun aðalfundarins, er var um það, að félagsmönnum skyldu tvisvar á ári sendir athugasemdamiðar, er þeir gætu skrifað á það, sem þeim virtist miður fara í félaginu.

Um 8. Samkomulag nefndra stjórnmalafélaga, er greinir í þessum lið, virðist aðallega hafa verið um, að menn þeir, er félög- unum fylgdu og væru félagsmenn í K.S.F., skyldu standa saman um kosningar á trúnarmönnum kaupfélagsins, en frá efni samningsins hefur ekki verið skýrt að öðru leyti. Er ekki ólíklegt, eftir því sem fyrir liggur, að stjórnarmeirihlutinn hafi staðið að uppsögn samningsins, enda skýrði formaður svo frá í ræðu, er hann hélt, þegar mál þetta var munnlega flutt, að hann hefði verið and- vígur þessu samkomulagi og unnið gegn því. Af þeim atburðum, sem gerzt hafa innan K.F.S., síðan samkomulagi þessu var sagt upp, virðist auðsætt, að uppsögn þess hafi haft þau áhrif að auka togstreituna innan félagsins og hún þannig, a. m. k. að því leyti, orðið því til ópurftar.

Allt það, sem nú hefur verið skýrt frá, hafa aðiljar og þá sér- staklega gerðarbeiðendur talið nauðsynlegt, að kæmi fram í málinu til skýringar þeim atvikum, er nú verður farið að lýsa. Og með

því að fúgetarétturinn gat fallizt á, að svo væri, þá hefur framan-  
greind forsaga málsins verið rakin hér allýtarlega.

K.F.S., sem er samvinnufélag, mun vera stofnað á árinu 1929. Fyrst framan af mun félagið hafa verið óskipt heild, þannig að á aðalfundinum og öðrum félagsfundum höfðu allir félagsmenn atkvæðisrétt og kusu stjórn og aðra trúnaðarmenn félagsins beint. En fyrir nokkrum árum var þessu breytt þannig, að félagssvæðinu, Siglufjarðarkaupstað, var skipt í fjögur deildarsvæði, sem hvert um sig kusu fulltrúa á aðalfundi og félagsfundi félagsins til eins árs í senn í blutfalli við fjölda félagsmanna á deildarsvæðinu. Þessir fulltrúar höfðu einir atkvæðisrétt á félagsfundum, en allir félagsmenn höfðu þó aðgang að þeim, málfrælsi og tillögurétt. Eftir nágildandi samþykktum K.F.S. skulu fulltrúar vera 1 fyrir hverja 10 deildarmeðlimi, en í reglum um kosningu deildarstjórna og fulltrúa segir enn fremur, að auk þess skuli komi fulltrúi fyrir brot úr tug, sem sé  $\frac{1}{10}$  eða stærra. Skulu fulltrúar þessir kosnir á aðalfundum deildanna, er halda skal í marz eða apríl ár hvert, hæfilega löngum tíma áður en aðalfundur kaupfélagsins er haldinn, en hann á að halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Varafulltrúa skal kjósa eftir þörfum samkvæmt samþykktum K.F.S., en í reglum um kosningu deildarstjórna og fulltrúa segir, að þeir skuli vera helmingi færri en aðalfulltrúar. Skulu varafulltrúar taka sæti aðalfulltrúa í forföllum þeirra eftir atkvæðamagni. — Á aðalfundum deildanna skal og kjósa 3 menn í deildarstjórn og 3 til vara. Atkvæðisrétt á deildarfundi eiga allir félagsmenn á deildarsvæðinu. Aðalfundur deildanna skal boða með viku fyrirvara. Deildarstjórn boðar deildarfundi, en vanræki hún það, skal félagsformaður gera það.

Á árinu 1945 voru aðalfundir deilda haldnir, svo sem nú greinir:

Aðalfundur 1. deildar var haldinn 1. júní. Í þeirri deild voru þá 167 félagsmenn, og mættu á fundinum 85.

Aðalfulltrúar á aðalfund 1945 voru kosnir:

Sveinn Þorsteinsson.	Kristján Sigurðsson.
Kristinn Sigurðsson.	Trausti Reykdal.
Arnþór Jóhannsson.	Ingólfur Árnason.
Jónas Guðmundsson.	Björn Dúason.
Jónas Björnsson.	Haraldur Hjálmarsson.
Gunnlaugur Sigurðsson.	Kristinn Jóakimsson.
Halldór Kristinsson.	Sigurður Magnússon.
Björgvin Bjarnason.	Jón Jóhannsson.
Guðni Guðnason.	

Þessir voru kosnir varafulltrúar og með þeirri atkvæðatölu, er við nöfnin greinir:

Guðvarður Jónsson 39.	Sigurður Jóhannesson 27.
Sigurður Magnússon múrari 29.	Jón Kjartansson 27.
Jóhann Sveinbjörnsson 28.	Adolf Einarsson 26.
Stefán Þórarinsson 27.	Einar Ásgrímsson 26.

Aðalfundur 2. deildar var haldinn 4. júní. Í þeirri deild voru þá 167 félagsmenn, og mættu 116 á fundinum.

Aðalfulltrúar á aðalfundi 1945 voru kosnir:

Páll Ásgrímsson.	Jóhann Guðjónsson.
Gunnar Jóhannsson.	Hallur Garibaldason.
Þórarinn Hjálmarsson.	Hlöðver Sigurðsson.
Þóroddur Guðmundsson.	Einar Indriðason.
Óskar Garibaldason.	Ari Bjarnason.
Guðjón Þórarinsson.	Vilhelm Friðriksson.
Ásgrímur Albertsson.	Sigurður Sveinsson.
Sigþór Guðjónsson.	Njáll Sigurðsson.
Heiðdal Jónsson.	

Þessir voru kosnir varafulltrúar og með þeirri atkvæðatölu, er við nöfnin greinir:

Helgi Kristinsson 57.	Björn Einarsson 56.
Þorsteinn Aðalbjörnsson 57.	Sigríður Sigurðardóttir 55.
Karl Sæmundsson 57.	Eyþór Baldvinsson 55.
Benedikt Sigurðsson 57.	Jóhann Malmquist 53.

Aðalfundur 3. deildar var haldinn 5. júní. Í þeirri deild voru þá 101 félagsmaður, og mættu 54 á fundinum.

Aðalfulltrúar á aðalfund 1945 voru kosnir:

Jónas Jónasson.	Sigurður Gunnlaugsson.
Sigurður Jakobsson.	Jóhann Jóhannsson cand. theol.
Stefán Guðmundsson múrari.	Magnús Baldvinsson.
Friðrik Sigtryggsson.	Jón Helgason.
Snorri Friðleifsson.	Rögnvaldur Gottskálksson.

Þessir voru kosnir varafulltrúar og með þeirri atkvæðatölu, er við nöfnin greinir:

Jón Björnsson (Ljósst.) 41.	Jóhann Rögnvaldsson 32.
Páll Hjartarson 33.	Einar Eyjólfsson 30.
Ólafur Eiríksson 32.	Stefán Guðmundsson 25.

Aðalfundur 4. deildar var haldinn 2. júní. Í þeirri deild voru þá 192 félagsmenn, og mættu 123 á fundinum.

Aðalfulltrúar á aðalfund 1945 voru kosnir:

Njáll Jónasson.	Jóhann Þorvaldsson.
Friðleifur Jóhannsson.	Kristján Ásgrímsson.

Skafti Stefánsson.	Guðmundur Þorleifsson.
Ásgeir Gunnarsson.	Páll Erlendsson.
Árni Jónasson.	Friðrik Sveinsson.
Sigurður Sveinsson.	Snorri Tómasson.
Þórir Konráðsson.	Ingólfur Arnarson.
Jón Kristjánsson.	Jóhann G. Möller.
Gunnlaugur Hjálmarsson.	Viggó Guðbrandsson.
Sveinn Björnsson.	

Þessir voru kosnir varafulltrúar og með þeirri atkvæðatölu, er við nöfnin greinir:

Jónas Halldórsson 64.	Bjarni Jóhannsson 63.
Johan Landmark 64.	Eggert Theódórsson 63.
Þorkell Jónsson 64.	Jónas Jónsson 63.
Steinn Skarphéðinsson 64.	Þorsteinn Gottskálksson 62.
Jörgen Hólm 63.	

Gerðarbeiðendur skýra svo frá, að vegna óánægju með stjórnarmeirihlutann í K.F.S. hafi andstæðingar sósíalista haft með sér kosningasamtök í deildunum og fengið kosna alla fulltrúana í 1., 3. og 4. deild félagsins á aðalfundinn 1945, eða samtals 46 aðalfulltrúa, og enn fremur alla varafulltrúa í sömu deildum, samtals 23. Þó muni síðar einn eða tveir þessara fulltrúa hafa heldt úr lest þeirra.

Fylgismenn stjórnarmeirihlutans hafi hins vegar fengið kosna alla aðalfulltrúana í 2. deild, 17 að tölu, og einnig alla varafulltrúana í þeirri deild, en þeir voru 8.

Aðalfundur K.F.S. árið 1945 kom fyrst saman fimmtudaginn 7. júní. Dagskrá sú, er fyrir fundinum lá, var þessi:

1. Athugun kjörbréfa.
2. Bréf Ólafs H. Guðmundssonar.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Skýrsla kaupfélagsstjóra.
5. Skýrsla endurskoðenda.
6. Ráðstöfun tekjuafgangs.
7. Erindi deilda.
8. Kosningar:
  - a. Einn maður í stjórn félagsins til þriggja ára í stað Kristjáns Sigurðssonar (gerðarbeiðanda), er úr gengur.
  - b. Einn varamaður í stjórn til tveggja ára.
  - c. Einn aðalendurskoðandi til tveggja ára.
  - d. Einn varaendurskoðandi til tveggja ára.
  - e. Tveir fulltrúar á aðalfund S. Í. S.
9. Önnur mál.

Kjörbréfi virðast öll hafa verið tekin gild, og deila aðiljar ekki um það, að þarna hafi komið saman lögmætur aðalfundur K.F.S.

Bókað er í fundarbyrjun, að mættir séu 59 fulltrúar, en síðar á fundinum sýnir atkvæðagreiðsla, að mættir hafa verið þá a. m. k. 61 fulltrúi. Félagsformaður, Ottó Jørgensen gerðarþoli, var fundarstjóri á fundi þessum. Eftir athugun kjörbréfa var tekið fyrir brottrekstrarmál Ólafs H. Guðmundssonar, er lauk á þann hátt, sem þegar er greint. Síðan kom fram fundarályktun nokkur, er síðar getur litillega. Þá kom fram tillaga frá Halldóri Kristinssyni gerðarbeiðanda svo hljóðandi: „Fundurinn samþykkir að fresta aðalfundi til næstkomandi sunnudags kl. 15 og felur framkvæmdastjóra og stjórn að auglýsa fundinn að nýju og geta þess í fundarboðinu, að tillögu um lagabreytingar verði bornar fram.“

Aðra tillögu bar Halldór fram á fundi þessum. Frumrit hennar hefur glatazt, án þess þó að félagsformaður hafi getað gert grein fyrir, á hvern hátt það hefur skeð. Hafa gerðarbeiðendur haldið fram, og félagsformaður ekki treyst sér til að mótmæla, að tillagan hafi verið þannig: „Þar sem vitað er, að ýmsar ráðstafanir meirihluta stjórnar K.F.S á sl. l. starfsári eru ekki í samræmi við vilja meirihluta fulltrúa á aðalfundi K.F.S., samþykkir fundurinn að heimila ekki stjórn K.F.S. eða meirihluta hennar að ganga frá leigusamningum eða gera aðrar bindandi samþykktir fyrir félagsins hönd nema með samþykki meirihluta fulltrúa, þar til aðalfundi er lokið.“

Þessarar síðari tillögu Halldórs Kristinssonar er ekki getið í fundargerðarbókinni, en viðurkennt er, að hún hafi komið fram, og telur Halldór, að hann muni hafa afhent formanni báðar tillögur þær, er nú hafa verið greindar, samtímis, enda telja gerðarbeiðendur tillögur þessar svo nátengdar, að þær hafi þurft að koma fram samtímis, þar eð sú síðari hafi eiginlega verið bein og eðlileg afleiðing af þeirri fyrri. Fundarstjóri telur hins vegar, að fyrri tillagan hafi komið fram, meðan stóð á umræðum um mál Ólafs H. Guðmundssonar, og að hún hafi verið rædd, að máli Ólafs afgreiddu. Meðan á umræðunum um frestunartillöguna hafi staðið, hafi Halldór komið með síðari tillöguna. Halldór hafi talað þrisvar um frestunartillöguna og í síðustu ræðu sinni vikið að síðari tillögu sinni og lesið hana upp.

Næsta tillaga, sem bókuð er, að hafi komið fram á fundi þessum, var frá Jóhanni G. Möller, svo hljóðandi: „Fundurinn samþykkir að slíta nú þegar umræðum um málið og ganga til atkvæða „um fram komnar tillögur.“ Var sú tillaga borin upp og samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Neitaði nú formaður að bera undir atkvæði nema þenna hluta frestillögunnar: „Fundurinn samþykkir að fresta aðalfundi til næstkomandi sunnudags kl. 15“, og var hann samþykktur með 15 samhljóða atkvæðum, en meirihlutafulltrúarnir sátu hjá, þar eð þeir töldu framferði formanns ólögmeitt. Síðari tillögu Halldórs

Kristinssonar neitaði formaður með öllu að bera undir atkvæði. Að þessu loknu, lét Halldór Kristinsson bóka eftir sér eftirfarandi mótmæli: „Um leið og ég neita fundarstjórn O. J. (formanns) í heild, þá leyfi ég mér að telja algerlega óheimilt að neita að bera fram tillögu mína *alla*, eins og hún var lögð fram — og því verra, eftir að fundarstjóri er búinn að bera upp tillögu Jóhanns Möllers um að slita umræðum og ganga til atkvæða um *fram komnar tillögur*.“ Hefur Halldór, er hann gaf aðiljaskýrslu í málinu, að gefnu tilefni skýrt mótmæli þessi á þann veg, að með þeim hafi hann mótmælt því, að frestunartillagan var ekki borin undir atkvæði í heild, svo og því, að neitað var að bera undir atkvæði tillögu hans um takmörkun á valdsviði stjórnarinnar, meðan á aðalfundi stæði, sbr. hin undirstrikuðu orð í mótmælunum: *alla* og fram komnar tillögur. Virðist réttinum og ekki um að villast, að skilja verði mótmælin á þenna veg. Þess skal getið hér, að tvö vitni, er leidd voru í málinu, þeir Hlökkver Sigurðsson barnaskólastjóri og Ásgrímur Albertsson gullsmiður, báru það, að Halldór Kristinsson hafi í ræðu, er hann hafi haldið á fundinum, sagt frá því, að hann hefði fengið formanni tillöguna um takmörkun á valdsviði stjórnarinnar, og jafnframt lesið hana upp á fundinum. Hafi hann skýrt svo frá, að formaður væri því andvígur, að hún væri borin upp. Er Halldór hefði skýrt frá þessu, hafi hann jafnframt lýst yfir, að hann félli frá því að fá tillöguna borna upp á fundinum, en myndi, að því er Hlökkvi skildist, taka málið upp aftur á framhaldsaðalfundi. Þessu hefur Halldór Kristinsson harðlega mótmælt og talið, að þetta misminni vitnanna muni stafa af því, er nú greinir: Hann hafi á fundi í h/f Söltunarfélagi kaupfélagsins talið vafasamt, að K.F.S. mætti eiga þar helming hlutafjár, en Þóroddur Guðmundsson gerðarþoli andmælt þeirri skoðun hans. Þessu hafi hann skýrt frá á fundinum 7. júní og þá jafnframt sagt, að hann myndi setta sig við þetta í bili, en athuga það betur síðar. Hafi hann sagt frá þessu í sömu ræðunni, sem hann hafi verið að tala um valdatakmörkunartillöguna í, og því kveðst hann ímynda sér, að misskilningur vitnanna sé af þessu sprottinn. Enginn málsaðilja og engin vitni, önnur en þeir Hlökkver og Ásgrímur, virðast hafa skilið Halldór á þann hátt, er þeir gerðu. Af þeirri ástæðu svo og því, að skýring Halldórs er mjög eðlileg, þykir gegn andmælum hans ósannað, að hann hafi tekið aftur síðari tillögu sína.

Þegar framangreind mótmæli Halldórs höfðu verið bókuð, var fundinum frestað, svo sem samþykkt hafði verið.

Félagsformaður og málflytningismaður gerðarþola hafa réttlætt neitanir formanns um að bera frestunartillöguna upp í heild og valdatakmörkunartillöguna á þenna hátt: Síðari hluti frestunartillögunar hafi verið vitleysa, eins og hann var. Aðalfundinn hafi

þegar verið búið að auglýsa og hann hafi verið hafinn. Hafi því verið óheimilt að auglýsa aðalfund af nýju, en svo hafi orðið að skilja síðari hluta tillögunnar, að til þess væri ætlað, að nýr aðalfundur yrði auglýstur. Þýðingarlaust hafi og verið að auglýsa, að tillögur til samþykktabreytinga kæmu fram, eftir að aðalfundurinn var hafinn, þar eð þær hefðu ekki verið boðaðar í dagskrá þeirri, sem ákveðin hafi verið í auglýsingunni um aðalfundinn 7. júní, því að, eftir að aðalfundur hafi á annað borð verið byrjaður, hefði ekki verið unnt að koma á samþykktabreytingum, nema eftir 2. mgr. 29. gr. samþykktu K.F.S., er síðar verður nánar getið, en, að fullnægðum skilyrðum þess ákvæðis, hefði verið hægt að samþykkja samþykktabreytingar á framhaldsaðalfundinum, er ákveðinn hafi verið 10. júní, án þess að þær hefðu verið boðaðar fyrirfram.

Neitun sína um að bera upp valdatakmörkunartillöguna skýrir formaður svo: Hann kveðst hafa lesið niðurlag tillögu Jóhanns G. Möllers um umræðuslit upp á þann hátt, að ganga skyldi til atkvæða um frestunartillöguna, og hafi sér ekki komið til hugar, að ætlað væri til, að gengið yrði til atkvæða um aðrar tillögur, þar eð ekki hefði verið búið að taka aðrar tillögur til umræðu. Hafi hann síðan borið frestunartillöguna upp og, að henni samþykktari, lýst fundi frestað. Þá hafi athygli sín verið vakin á, að einnig hafi verið ætlað til, að valdatakmörkunartillagan yrði borin upp, en hann þá ekki talið rétt að gera það, „bæði vegna þess, að hún hafi ekki heyrt undir dagskrárliðinn, og vegna þess, að búið var að fresta fundi.“

Rétturinn lítur svo á, að orðalag frestunartillögunnar hafi ekki gefið tilefni til þess, að unnt væri að skilja hana á þann veg, að hún fæli í sér að auglýsa nýjan aðalfund, sbr. upphaf tillögunnar: „Fundurinn samþykkir að fresta aðalfundi . . .“, heldur hafi orðið að skilja hana þannig, að framhaldsaðalfundurinn yrði sérstaklega auglýstur. Þá verður og að líta svo á, að enda þótt rétt væri hjá gerðarþolum, að þýðingarlaust hefði verið að boða samþykktabreytingar í auglýsingunni um framhaldsaðalfundinn, þá hafi þó verið fyllilega lögmætt að gera það, en um það, hvort slíkt var þýðingarlaust, virðist þó, að ekki hefði verið unnt að segja fyrr en á framhaldsaðalfundinn kom, og ekki gat það á neinn hátt spillt, að sérstaklega væri vakin á því athygli, að tillögur til samþykktabreytinga væru væntanlegar á framhaldsaðalfundinum.

Að þessu athuguðu verður að telja neitun formanns um að bera frestunartillöguna upp í heild óréttmæta.

Hafi formaður lesið framangreinda tillögu Jóhanns G. Möllers upp á þann hátt, er hann telur í máli þessu, þá hefur hann farið rangt með hana. Tillöguna var ekki unnt að skýra á þann veg, er formaður kveðst hafa gert. Hún ber ljóslega með sér, að sam-

kvæmt henni skyldi ganga til atkvæða um allar framkomnar tillögur. Þar sem í tillögunni er talað um að slíta umræðum um *málið*, verður að hafa það í huga, að meirihlutafultrúarnir, en í þeirra hópi var tillögumaðurinn, virðast hafa talið frestunartillöguna og valdatakmörkunartillöguna nátengdar, svo og það, að svo virðist sem a. m. k. Halldór Kristinsson hafi rætt tillögurnar að nokkru leyti báðar í einu. Að valdatakmörkunartillagan hafi ekki „heyrt undir dagskrárliðinn“, er ekki afsökun fyrir því að bera hana ekki upp, því að svo verður að líta á, sem báðar tillögurnar hafi verið ræddar utan dagskrár.

Ef formaður sökum formfestu ekki treysti sér til að bera upp valdatakmörkunartillöguna, enda þótt hann hefði lýst fundi frestað, virðist hann þó hafa getað a. m. k. með samþykki fulltrúanna sett fundinn af nýju til þess að bera tillöguna undir atkvæði, eftir að honum var orðið ljóst, að til þess var ætlazt, eftir að honum átti að vera ljóst, að hin samþykktá tillaga Jóhanns G. Möllers fól það í sér.

Verður samkvæmt því, er nú hefur verið greint, að líta svo á, að neitun formanns um að bera valdatakmörkunartillöguna undir atkvæði hafi verið ólögsmæt.

Ástæða þykir til að geta enn nokkurra atriða úr skjölum málsins og aðiljaskýrslu formanns varðandi fundarstjórstörf hans 7. júní. Í byrjun fundarins báru þeir Haraldur Gunnlaugsson og Ragnar Jóhannesson fram fundarályktun varðandi kosningu nokkurra aðalfundarfulltrúa 2. deildar. Var ályktunin nokkuð rædd, en að því búnu úrskurðaði fundarstjóri hana frá umræðum. Er engin grein gerð fyrir því í fundargerðinni, af hverju þetta var gert, né heldur því, hvers vegna ályktunin var ekki borin undir atkvæði. Formaður kveður Halldór Kristinsson hafa komið til sín með tillögu, meðan á umræðunum um frestunartillöguna hafi staðið. Kveðst hann ekki hafa athugað hana að efni til, en sagt við Halldór, að þýðingarlaust væri að koma með tillögur um önnur mál, meðan frestunartillagan væri til umræðu, og hafi þá Halldór farið með tillöguna aftur. — Verður að telja þessar móttökur formanns með öllu óviðeigandi, þar eð hann virðist ekki hafa getað haft neinn grun um, hvers efnis tillaga sú var, er Halldór kom með. — Tillögu frá Jóhanni G. Möller um, að fundurinn viki formanni úr fundarstjórasæti, virðist formaður hafa neitað að taka við, og mun Jóhann þá hafa tekið hana aftur.

Þá hefur formaður í aðiljaskýrslu sinni sagt frá því, að á meðan staðið hafi á umræðum, hafi þeir Jóhann G. Möller og Bjarni Jóhannsson haft sig í frammi um að færa honum ýmsar tillögur, en ekki er ljóst, um hvað þær hafa verið, né heldur, hvaða afgreiðslu þær hafa hlotið, enda er þeirra ekki getið í fundargerðinni, svo sem vænta hefði mátt.

Hvað snertir sjálfa fundargerðina, þá virðist formaður samkvæmt því, sem fram er komið hér að framan, ekki hafa gætt þess sem skyldi, að tillögur væru færðar í hana eða þeirra a. m. k. getið.

Af hálfu gerðarþola hefur verið á það minnzt, að svo mikið los hafi verið komið á fundinn, um það leyti sem honum var frestað, að ógerlegt hafi verið að afgreiða mál á honum. Ekki þykir þó unnt að ætla af gögnum málsins, að veruleg brögð hafi verið að því, og virðast fundarstörf hafa getað haldið áfram á eðlilegan hátt, unz þeim var lokið.

Það, sem nú hefur verið rakið um fundarstjórn formanns á aðalfundinum 7. júní, þykir sýna, að nægilegt tilefni hafi verið til dagskrártillögunnar, er flutt var í upphafi framhaldsaðalfundarins 10. júní, en henni verður nánar lýst hér á eftir.

Eftir fundarfrestunina 7. júní kom aðalfundur K.F.S. aftur saman sunnudaginn 10. júní kl. 15 í sal Gesta- og Sjómannahéimilisins á Siglufirði. Er það allstór salur, líklega um  $9 \times 12$  m, ásamt útskoti, líklega um  $3 \times 6$  m. Hliðar salarins munu vita nokkurn veginn suður og norður, en gaflar nokkurn veginn austur og vestur. Sætum var svo fyrir komið, að formaður, er var fundarstjóri, skyldi sitja við borð fyrir suðurgafli, en fulltrúar á bekkjum, er þannig var skipað, að tveir voru til hægri handar formanni, hvor fram af öðrum, við austurhlið salarins, tveir til vinstri handar, hvor fram af öðrum, við vesturhlið, en fyrir framan bekki þessa munu hafa verið einhverjir stólar. Þá munu loks hafa verið þrjár fulltrúabekkir þvers í húsinu andspænis formanni, en nokkuð frá honum, líklega nokkurn veginn við nyrðri enda bekkja þeirra, er voru með austur- og vesturvegg salarins. Hefur þannig orðið nokkur auður ferhyrningur á gólfinu fyrir framan formann, er sæti hans og fulltrúabekkirnar mynduðu. Fyrir aftan þverbekki þá, er fulltrúum voru ætlaðir, var komið fyrir áheyrendabekkjum, er líklegt þykir, að greindir hafi verið frá fulltrúabekkjunum með einhverju meira bili en var á milli annarra bekkja í salnum, eins og gerðarbeiðendur halda fram. Ekki getur fundargerðin þess, hve margir fulltrúar voru mættir, en svo virðist, að þeir hafi svo til allir verið mættir eða þá varamenn í þeirra stað. Þá var og margt almennra félagsmanna á fundinum.

Um það bil, sem fundurinn skyldi hefjast, kvaddi formaður fulltrúa til að taka sæti á bekkjum þeim, er þeim voru sérstaklega ætlaðir, og virðist því hafa verið hlýtt. Þegar þessu var lokið, mun formaður hafa lýst fundinn settan, en annað hvort rétt áður eða í sama mund afhenti einn meirihlutafulltrúanna, Bjarni Jóhannsson yfirlögregluþjónn, honum tillögu, sem í málarekstrinum hefur alltaf verið nefnd dagskrártillaga og verður einnig kölluð það hér á eftir. Var tillaga þessi svo hljóðandi: „Með skírskotun

til 14. gr. fundarskapa K.F.S. samþykkir fundurinn eftirfarandi dagskrártillögu: Þar eð formaður félagsstjórnar, Ottó Jörgensen, hefur beitt ofríki úr fundarstjórasæti og neitað að bera undir atkvæði skriflegar tillögur, er fulltrúar hafa fram borið, vítir fundurinn harðlega fundarstjórn formanns og samþykkir að kjósa nú þegar annan fundarstjóra.“

Undir tillögu þessa höfðu ritað 36 aðalfulltrúar og 8 varafulltrúar, og virðast þeir flestir hafa verið mættir á fundinum eða þá aðrir í þeirra stað. Höfðu þeir fyrir fundinn falið Bjarna að koma tillögunni á framfæri. Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt því í greinargerð sinni sem ósönnuðu, að þessir menn hafi undirritað tillöguna og að þeir hafi gert það af fúsum og frjálsum vilja, en þar eð skjalið hvorki eftir útliti sínu né efni vekur grun um, að það sé falsað, né heldur hefur það verið sennilegt gert, þá verður þessum mótmælum samkvæmt 154. gr. einkamálaganna ekki sinnt.

Tillögu þessa las formaður upp, en neitaði að bera hana undir atkvæði, og kveðst hann í því sambandi hafa vitnað til fundarskapa K. F. S., er ákvæðu, að formaður skyldi stjórna fundum, en í forföllum hans varaformaður. Kveðst hann síðan hafa beðið varaformann, Þórodd Guðmundsson gerðarþola, að taka sæti fundarstjóra, og sjálfur hafið lestur skýrslu stjórnarinnar, en brátt orðið að hætta lestrinum vegna háreysti, sem orðið hafi í fundarsalnum, enda varaformaður lýst fundarhléi, meðan ró væri að komast á. — Bjarni Jóhannsson kveðst hafa beðið formann um orðið til að ræða tillöguna, um leið og hann afhenti honum hana. Í annað sinn kveðst hann hafa beðið um orðið, þegar formaður neitaði að bera tillöguna upp, og er sér hafi þá enn ekki verið sinnt, hafi hann beðið um orðið í þriðja sinn og vitnað um leið í fundarskóp K. F. S. Hafi þá formaður svarað, að fundarskóp breyttu ekki samþykktum félagsins, en að því svari fengnu, kveðst Bjarni hafa staðið upp, lesið upp tillöguna, er hann hafði samrit af, beðið fulltrúa að greiða um hana atkvæði og nefnt jafnframt sem teljara þá *Arnþór Jóhannsson* skipstjóra og *Jóhann Sveinbjörnsson* tollþjón. Telur Bjarni, að formaður hafi verið í fundarstjórasæti, þegar hann hafi staðið upp, en að sig minni, að varaformaður hafi sezt í það, meðan á atkvæðagreiðslunni hjá sér hafi staðið. Fundarhlé hafi varaformaður ekki gefið, fyrr en eftir að meirihlutafulltrúarnir hefðu verið búnir að kjósa fundarstjóra og hann tekinn við fundarstjórn.

Svo er að sjá af gögnum málsins, að rétt sé, að Bjarni hafi beðið um orðið um tillöguna, en ekki fengið, og að eftir að Bjarni stóð upp, hafi þeir formaður og hann einhverja stund talað báðir í einu, en ræða Bjarna þó yfirgnæft. Hefur verið deilt allmjög um aðstöðu alla á fundinum um þetta leyti, en þau deiluatríði verða

athuguð síðar, eftir því sem tilefni verður til. — Varaformaður kveður, að þegar svo hafi verið komið, að formaður og Bjarni hafi talað samtímis, hafi hann bæði vegna þess og annars hávaða í salnum gefið fundarhlé, meðan ró væri að komast á, eftir að hafa árangurslaust skorað á menn að hætta að trufla fundinn og gefa formanni hljóð til að flytja skýrslu sína. Hafi þá formaður hætt að tala, en Bjarni haldið áfram.

Fulltrúar greiddu atkvæði um dagskrártillöguna eftir tilmælum Bjarna, og reyndust 44 vera með henni. Mótatkvæði komu engin fram, enda þótt gögn málsins þyki sýna, að þeirra hafi verið leitað. Að tillögunni samþykktu, lét Bjarni fara fram atkvæðagreiðslu um fundarstjóra, og hlaut Jóhann Þorvaldsson gerðarbeiðandi kosningu með 43 atkvæðum. Tók Jóhann síðan við stjórn fundarins af hálfu meirihlutafultrúanna, nefndi ritara þá Halldór Kristinsson gerðarbeiðanda og Sigurð Gunnlaugsson, og virðast þeir allir hafa komið sér fyrir við borð, er þeir hafi sett á auða svæðið, er var á milli fulltrúabekkjanna. Virðist Jóhann síðan eftir einhver ræðuhöld af hálfu fulltrúanna hafa lýst yfir, að fundurinn héldi áfram eftir dagskrá. Tvær fundargerðir liggja fyrir um fund þenna, önnur undirrituð af Jóhanni Þorvaldssyni ásamt riturum þeim, er hann tilnefndi, en hin af Otto Jörgensen og þeim Óskari Garibaldasyni gerðarþola og Hlöðvi Sigurðssyni barnaskólastjóra sem riturum, en sá síðarnefndi tók við ritarastörfum af Jóhanni Þorvaldssyni af hálfu minnihlutafultrúanna, eftir að Jóhann tók við fundarstjórn samkvæmt kosningu meirihlutafultrúanna, en til þess tíma virðist Jóhann hafa verið fundarritari ásamt Óskari.

Svo sem fyrr er greint, var lokið við afgreiðslu tveggja fyrstu dagskrárliða aðalfundarins hinn 7. júní. Í fundargerð meirihlutafultrúanna 10. júní er bókað svo um afgreiðslu dagskrárliðanna:

Um 3. dagskrárlið: Formaður neitaði að gefa skýrslu stjórnarinnar, um 4. dagskrárlið: Kaupfélagsstjóra var samkvæmt tilmælum hans veittur frestur til að flytja skýrslu sína, um 5. dagskrárlið: Kristmar Ólafsson endurskoðandi sagðist ekki flytja skýrslu sína nú frekar en aðrir, er skýrslur ættu að flytja, heldur síðar á fundinum, um 5. dagskrárlið: Samþykkt var að fresta afgreiðslu liðsins, enda hefði stjórnin enga skýrslu gefið og ekki óskað að leggja fyrir fundinn tillögu um ráðstöfun arðsins, og um 7. dagskrárlið: Engin erindi deilda bárust. Þá var komið að 8. lið dagskrárinnar: Kosningar. Kom þá fram svohljóðandi tillaga til breytingar á 1. lið 14. gr. samþykktu K. F. S.: „Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum, kosnum á aðalfundi, í fyrsta skipti á aðalfundi 1945. Þá skal og kjósa 3 varamenn. Kjörtími aðalmanna skal vera 4 ár, þó þannig, að úr stjórn þeirri, sem fyrst er kosin eftir samþykktum þessum, gangi einn maður úr eftir 1 ár, síðan 2 á ári. Fyrsta árið gangi einn varamaður úr, 2 eftir tvö ár.“

Þá var og lagt til að breyta e-lið 16. gr. samþykktanna, en þá breytingu er ekki tilefni til að ræða hér.

Ofangreindar tillögur til samþykktabreytinga voru afhentar aðalfundarfulltrúunum á fundinum. Munu þeir flestallir hafa tekið við þeim, og allir áttu þeir kost á að fá þær.

Þegar tillögur þessar voru komnar fram, er bókað svo i fundargerð meirihlutafulltrúanna, að fundurinn hafi samþykkt með 42 samhljóða atkvæðum að fresta kosningu eins aðalmanns og eins varamanns í stjórn K. F. S. vegna hinna framkomnu tillagna til samþykktabreytinga. Þá var kjörinn aðalendurskoðandi Karl Dúason með 39 atkvæðum og varaendurskoðandi Georg Pálsson einnig með 39 atkvæðum. Loks voru kjörnir tveir fulltrúar á aðalfund S. Í. S., þeir Sigurður Tómasson kaupfélagsstjóri og Kristján Sigurðsson gerðarbeiðandi, báðir með 38 atkvæðum. Þegar hér var komið, er bókað, að fundarstjóri, Jóhann Þorvaldsson, hafi tilkynnt fulltrúum, að fundurinn yrði fluttur í annan sal í sama húsi, þar eð formaður og varaformaður kaupfélagsins trufluðu svo fundinn, að ekki væri lengur unnt að halda honum áfram á sama stað. Fluttu meirihlutafulltrúarnir síðan í sal á öðru lofti hússins, en minnihlutafulltrúarnir sýnast hafa setið eftir.

Fundargerð minnihlutafulltrúanna segir, að þegar Bjarni Jóhannsson hafi hafið að láta fara fram atkvæðagreiðslu um dagskrártillöguna, hafi formaður, réttara mun þó vera varaformaður, enda leiðrétt í rekstri málsins af hálfu gerðarþola, gefið fundarhlé, meðan ró væri að komast á. Síðan segir, að eftir nokkurn tíma hafi formaður sett fundinn á ný og beðið jafnframt varaformann að hafa fundarstjórn, meðan hann sjálfur læsi skýrslu stjórnarinnar. Hafi formaður síðan lesið skýrsluna og drepíð á flestar gerðir stjórnarinnar, er nokkru máli hafi skipt. Þá hafi frú Guðrún Björnsdóttir talað, en þar eð það, sem eftir frú Guðrúnu er haft í fundargerðinni, er að verulegu leyti rangt samkvæmt vottorði, er hún hefur gefið í málinu, þykir ekki ástæða til að rekja það, en þess má geta, að í vottorði frú Guðrúnar segir, að hún hafi bent á hættuna, er K. F. S. stafaði af hinum miklu deilum og flokka-dráttum innan félagsins, og skorað á deiluaðilja að reyna að finna samkomulagsgrundvöll. Þá segir enn fremur í fundargerð minnihlutafulltrúanna, að eftir ræðu frú Guðrúnar hafi Þóroddur Guðmundsson lýst yfir, að hann væri fús til að beita sér fyrir því, að sættir kæmust á, en Jóhann Þorvaldsson lýst yfir, að hann tæki ekki til greina tilmæli frúarinnar, og myndi hann og fleiri fulltrúar ganga af fundi, og hafi þeir síðan gert það. Það, sem hér er bókað eftir Jóhanni, kemur ekki heim við vottorð frú Guðrúnar, er segir, að Jóhann hafi enga slíka yfirlýsingu gefið, að ræðu hennar lokinni, heldur staðið upp og sagt, að nú yrði fundurinn fluttur

í annað herbergi í húsinu, en yfirlýsingu um, að það yrði gert, hafi hann verið búinn að gefa, áður en hún hóf mál sitt.

Þá hafa fundargerðir meiri- og minnihlutafulltrúanna verið raktar fram að þeim tíma, er meirihlutafulltrúarnir fluttu fundinn í salinn á efra lofti hússins. Af gögnum málsins er vart unnt að sjá með fullri vissu, hvernig ástætt hefur verið á fundinum til þessa tíma. Hafa bæði málsaðiljar og vitni reynzt all ósamhljóða um það. Þó virðist ljóst, að nokkur órói hafi verið á fundinum, er aðallega virðist þó hafa verið fólgin í hávaða, köllum og jafnvel fóta-stappi, og ennfremur sýnist svo, að stundum hafi fleiri en einn talað í einu í salnum, og þykir ekki, að öllu athuguðu, ólíklegt, að rétt sé sú lýsing frá Guðrúnar Björnsdóttur, er hún segir í vottorði sínu, að þegar Jóhann Þorvaldsson hafi lýst yfir, að fundurinn yrði fluttur, hafi „sakir staðið þannig, að svo leit út, sem verið væri að halda tvo fundi í salnum.“

Verður ekki gerð nánari grein fyrir ástandinu á fundinum að sinni, en það athugað síðar, eftir því sem tilefni verður til, þegar ræddar verða einstakar málsástæður aðilja.

Verður nú lýst framhaldi fundanna eftir fundargerðunum og þá fyrst framhaldi fundar minnihlutafulltrúanna.

Svo sem fyrr var vikið að, var Hlökkver Sigurðsson barnaskóla-stjóri skipaður fundarritari á fundi þeim, er minnihlutafulltrúarnir héldu áfram, eftir að Jóhann lýsti yfir, að hann flytti fundinn. Þá er bókað, að haldið hafi verið áfram umræðum um skýrslu stjórnarinnar og síðan, að í þeim umræðum hafi komið fram svo hljóðandi tillaga frá Guðbrandi Magnússyni gerðarþola:

„Fundurinn samþykkir að kjósa 5 manna nefnd, sem leiti samkomulags um þau deiluatriði, sem upp hafa komið milli fulltrúa á aðalfundinum.“ Var tillaga þessi samþykkt með 19 samhljóða atkvæðum. Jafnframt er bókað, að hún hafi verið borin undir atkvæði þeirra félagsmanna, er voru á fundinum sem áheyrendur, og þeir samþykkt hana einróma. Kosnir voru í nefndina Jón Jóhannsson, Gunnar Jóhannsson, Ásgrímur Albertsson, Guðbrandur Magnússon og Hlökkver Sigurðsson. Síðan er bókað, að rætt hafi verið áfram um skýrslu stjórnarinnar, meðan nefndin starfaði, en nefndarmenn virðast þegar, eða a. m. k. Guðbrandur Magnússon, hafa farið á fund meirihlutafulltrúanna, sbr. síðar. Þá er loks bókað, að gefið hafi verið fundarhlé „vegna starfa nefndarinnar til sunnudags 1. júlí, „ef þörf krefur“. Síðan er fundargerðin undirrituð.

Þess er fyrst að geta um framhald fundargerðar meirihlutafulltrúanna, eftir að þeir fluttu fundinn, að það hefist á því, að bókuð eru nöfn þeirra fulltrúa, er fóru á hinn nýja fundarstað. Voru það 31 aðalfulltrúi og 12 varafulltrúar. Einn aðalfulltrúi

Rögnvaldur Gottskálksson, er virðist hafa greitt atkvæði með meirihlutafulfrúunum um dagskrártillöguna og um fundarstjórnann, fylgdi ekki meirihlutafulfrúum á hinn nýja fundarstað, þar eð hann þurfti að vikja af fundinum þegar eftir kosningu fundarstjórans. Nöfn aðalfullfrúanna, er fóru á nýja fundarstaðinn, er ekki ástæða til að greina, en varafullfrúarnir voru þessir og mættir fyrir aðalfullfrúa, er hér greinir:

Páll Hjartarson mættur fyrir Jóhann Jóhannsson ..... 3. deild,  
 Adolf Einarsson mættur fyrir Svein Þorsteinsson .... 1. deild,  
 Jón Björnsson mættur fyrir Jónas Jónasson ..... 3. deild,  
 Jóhann Sveinbjörnsson mættur fyrir Jónas Björnsson .. 1. deild,  
 Einar Eyjólfsson mættur fyrir Snorra Friðleifsson .... 3. deild,  
 Jónas Halldórsson mættur fyrir Gunnlaug Hjálmarsson 4. deild,  
 Ólafur Eiríksson mættur fyrir Magnús Baldvinsson .... 3. deild,  
 Jónas Jónsson mættur fyrir Þóri Konráðsson ..... 4. deild,  
 Guðvarður Jónsson mættur fyrir Sigurð Magnússon .... 1. deild,  
 Þorkeli Jónsson mættur fyrir Jón Kristjánson ..... 4. deild,  
 Bjarni Jóhannsson mættur fyrir Pál Erlendsson ..... 4. deild,  
 Einar Ásgrímsson mættur fyrir Björgvin Bjarnason .... 1. deild.

Þá kusu fullfrúar tvo menn sem varafullfrúa á aðalfund S. Í. S.. og hlutu kosningu þeir Jóhann Þorvaldsson með 43 atkvæðum og Bjarni Jóhannsson með 42 atkvæðum.

Að því loknu var tekinn fyrir 9. dagskrárliður: Önnur mál. Fram kom þá tillagan, er Halldór Kristinsson gerðarbeiðandi flutti á aðalfundinum 7. júní, sem formaður neitaði að bera undir atkvæði þá, en hún var tekin upp orðrétt hér að framan, þegar talað var um þann fund. Hefur hún í málinu verið nefnd valdatakmörkunartillagan, og er því nafni haldið um hana í úrskurði þessum. Var tillagan samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Þá kom fram svo hljóðandi tillaga, er einnig var samþykkt með samhljóða atkvæðum: „Fundurinn samþykkir að fela kaupfélagsstjóra að ganga frá leigusamningi við söltunarfélag K.F.S. fyrir lágmarksleigu 40—50 þúsund krónur, miðað við 9000—10000 tunna söltun, og 1.50—2.00 kr. á tunnu, sem umfram er. Öll viðhaldsskylda hvílir á leigutaka.“

Nú er Guðbrandur Magnússon gerðarþoli kominn á fundinn. Bað hann um orðið og tilkynnti, að hann væri mættur fyrir hönd þeirra fullfrúa, er þarna væru ekki mættir, og flutti þau tilmæli til fundarins, að hann kysi 5 manna nefnd til að „ræða um allsherjarsamvinnu og samkomulagsgrundvöll allra fullfrúa K.F.S.“ Var þá flutt og samþykkt með samhljóða atkvæðum svo hljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að fela nefnd þeirri, er nú starfar fyrir fullfrúana, að mæta til viðræðna við þá nefnd minnihlutans, sem nú er hér mætt.“

Löks kom fram svo hljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að fresta aðalfundinum enn á ný til 21. þ. m. og felur framkvæmdastjóra og fundarstjóra að auglýsa dagskrá með framkomnum laga-breytingum.“

Var þessi tillaga samþykkt með 43 samhljóða atkvæðum og fundi síðan frestað.

Samninganefndir þær, er meiri- og minnihlutafulltrúarnir höfðu nú kjörið, virðast hafa haldið tvo sameiginlega fundi. Auk þess vann lögfræðingur S.Í.S. um skeið að sáttatilraunum milli deiluaðilja. Engum sættum var þó á komið, og þykir því ekki ástæða til að rekja gang sáttatilraunanna hér.

Þegar hér var komið, höfðu leiðir meiri- og minnihlutafulltrúanna skilið, og verður nú rakið það af því, er máli virðist skipta, sem hvor hlutinn um sig gerði frá þessum tíma, unz gerðarbeiðnin var send.

Samkvæmt fundarsamþykktinni 10. júní auglýsti Jóhann Þorvaldsson gerðarbeiðandi framhaldsaðalfundinn 21. júní. Var fundurinn haldinn síðdegis þann dag í Gesta- og Sjómannahéimilinu. Í upphafi fundargerðarinnar er bókað, að mættir séu 46 fulltrúar, en síðar virðast a. m. k. um tíma hafi verið mættir 48. Eftir setningu fundarins las fundarstjóri yfirlýsingu, sem undirrituð var af 55 aðal- og varafulltrúum og send hafði verið stjórn K.F.S. Hafði yfirlýsing þessi verið afhent varaformanni í fjarveru formanns. Dagsett var hún 18. júní og efni hennar það, að stjórninni var tilkynnt samþykkt valdatakmörkunartillögunnar á fundinum 10. júní og brýnt fyrir henni, að hún gæti samkvæmt þeirri samþykkt engar bindandi ákvarðanir tekið fyrir félagið að svo komnu. Brottrekstrar, er stjórnin hefði framkvæmt, sbr. síðar, væru því markleysa. Löks sagði í yfirlýsingunni, að þeir, er hana undirrituðu, litu svo á, að ýmsar ráðstafanir stjórnarinnar sýndu fullkomið ábyrgðarleysi hennar og ofbeldi gagnvart aðalfundi og félaginu og að hún hefði fyrirgert öllum rétti til að starfa sem ábyrg stjórn K.F.S.

Þá var gengið til dagskrár fundarins. Fjórum fyrstu dagskrárliðunum, skýrslu stjórnar, skýrslu kaupfélagsstjóra, skýrslu endurskoðenda og ráðstöfun tekjuafgangs varð að fresta af ástæðum, er óviðráðanlegar voru fundinum. Næsti dagskrárliður var: Breytingar á samþykktum félagsins. Ræddar voru tillögur þær til samþykktabreytinga, er fram komu á fundinum 10. júní og getið er hér að framan. Voru þær síðan samþykktar með 46 samhljóða atkvæðum, sú um skipun stjórnarinnar að viðhöfðu nafnakalli, en hin á venjulegan hátt. Einn fulltrúi var mættur úr annari deild, líklega Óskar Garibaldason, en hann greiddi ekki atkvæði. Var nú gengið til næsta dagskrárlíðs: Kosning stjórnar og varastjórnar.

Í stjórn voru kosnir: Kristján Sigurðsson gerðarbeiðandi, Hjörleifur Magnússon gerðarbeiðandi, Haraldur Gunnlaugsson gerðarbeiðandi, Gunnar Jóhannsson, Páll Ásgrímsson, Jóhann Þorvaldsson gerðarbeiðandi og Halldór Kristinsson gerðarbeiðandi. Tveir hinir síðastnefndu fengu 45 atkvæði, en hinir allir 46. Varamenn í stjórn voru kosnir: Jónas Jónasson gerðarbeiðandi með 46 atkvæðum, Skafti Stefánsson gerðarbeiðandi með 45 atkvæðum og Arnþór Jóhannsson með 46 atkvæðum.

Var nú gefið fundarhlé til klukkan 21, en þá var fundinum haldið áfram. Að hléinu loknu samþykkti fundurinn með 46 samhljóða atkvæðum ályktun frá stjórninni varðandi síðargreinda brottrekstra eldri stjórnarinnar á fulltrúum og félagsmönnum, þar sem brottrekstrarnir eru taldir markleysa án stoðar í samþykktum K.F.S., og því lýst yfir, að hinir brottreknú séu þrátt fyrir þá fullgildir félagsmenn í K.F.S. — Loks var samþykkt að fresta aðalfundinum um óákveðinn tíma og fela stjórninni að boða framhaldsaðalfund til að ljúka dagskránni, þegar hún teldi fært.

Fundarhléið, er gefið var til klukkan 21, var þannig notað, að fundarstjóri, Jóhann Þorvaldsson, boðaði þá menn, er kosnir höfðu verið í stjórn K.F.S. samkvæmt fyrrgreindri samþykktabreytingu, á fund. Mættu þeir allir. Lýstu þeir Gunnar Jóhannsson og Páll Ásgrímsson því strax yfir, að þeir teldu framhaldsfundinn 21. júní ekki löglegan, þar eð eldri stjórnin væri búin að halda framhaldsaðalfund með meirihluta kjörinna fulltrúa og stjórnarkosning hefði farið fram þar í samræmi við samþykktir K.F.S. Myndu þeir því ekki taka þátt í störfum þeirrar „gervistjórnar“, er þeir höfðu verið kosnir í. Viku þeir Gunnar og Páll síðan af fundi, en fundarstjóri, Jóhann Þorvaldsson, boðaði varamennina Jónas Jónasson og Skafta Stefánsson gerðarbeiðendur á fundinn í þeirra stað, og tóku þeir sæti í stjórninni í stað þeirra Páls og Gunnars. Eru þeir Jónas og Skafti því gerðarbeiðendur í máli þessu, en ekki þeir Páll og Gunnar. Skipti stjórnin nú með sér verkum þannig, að Jóhann Þorvaldsson var kosinn formaður hennar, Halldór Kristinsson ritari og Kristján Sigurðsson varaformaður. — Síðan samþykkti stjórnin að leggja fyrir aðalfundinn ályktunina varðandi brottrekstrana, sem áður er sagt frá, að aðalfundurinn hafi samþykkt eftir fundarhléið, er gefið var til klukkan 21, og sleit fundi.

Klukkan 21.40 sama daga hélt stjórnin enn stjórnarfund og hafði boðað á hann Guðbrand Magnússon gerðarþola, er um þetta leyti gegndi kaupfélagsstjórastörfum, sbr. síðar. Var Guðbrandi skýrt frá, að ný stjórn hefði nú verið kjörin í K.F.S., og hann spurður, hvernig ráðningu hans sem kaupfélagsstjóra væri varið, hvort hann vildi afhenda hinni nýkjörnu stjórn bækur þær og gögn, er stjórn

K.F.S. bæri að hafa aðgang að, og loks hvort hann vildi starfa eftir fyrimælum hennar. Skýrði Guðbrandur frá, að hann væri aðeins ráðinn munnlega og til óákveðins tíma. Þá kvaðst Guðbrandur telja kosningu stjórnar meirihlutafulltrúanna svo hæpna lagalega, að hann sem kaupfélagsstjóri myndi ekki veita henni viðtöku til fundahalda, né veita henni aðgang að bóköm og gögnum K.F.S., unz úr öllum þrætum innan félagsins hefði verið skorð lagalega. — Eftir þessi svör Guðbrands samþykkti öll stjórnin að segja honum upp kaupfélagsstjórastarfinu „frá deginum í dag að telja“ og afturkalla prókúruumboð hans. — Þessa stjórnarsamþykkt tók Guðbrandur jafngilda og skrifleg uppsögn hefði verið send honum. Var síðan stjórnarfundinum slitið.

Síðar mun hin nýkjörna stjórn hafa sent tilkynningu til samvinnufélagaskrár Siglufjarðar um stjórnarskipti í K.F.S., afturköllun prókúruumboðs Guðbrands Magnússonar og jafnframt um, að það væri veitt Jóhanni Þorvaldssyni gerðarbeiðanda.

Við þetta sýnist hafa setið af hálfu hinnar nýkjörnu stjórnar, unz gerðarbeiðnin var send, nema hvað svo virðist af skýrslu gerðarbeiðanda, að þeir hafi gert itrekaðar tilraunir til að fá Guðbrand Magnússon til að láta af kaupfélagsstjórastörfum og afhenda þeim bækur, gögn og lykla K.F.S., en án árangurs.

Vikur nú að gerðum stjórnar K.F.S. og minnihlutafulltrúanna eftir 10. júní, unz gerðarbeiðnin kom fram.

Hinn 16. júní kl. 11 hélt stjórnin fund. Var þar lögð fram til laga 4 stjórnenda um brottrekstur 29 aðal- og varafulltrúa úr F.F.S. Var hún rökstudd á þá leið, að þeir hefðu reynt að valda óeiningu og klofningi í félaginu með því að neita að taka þátt í aðalfundi félagsins og hlýða þar samþykktum og fundarsköpum, svo og með því að stofna til sérstakra fundarhalda, er þeir hefðu nefnt aðalfund K.F.S., og loks með því að auglýsa nú slíkan fund án samþykkis stjórnarinnar. — Var tillagan samþykkt með 4 atkvæðum (atkvæði formanns þó talið greitt simleiðis vegna fjarvistar hans) gegn atkvæði Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda.

Sama dag, klukkan 18,30, hélt stjórnin annan fund. Var Kristján Sigurðsson ekki mættur á honum, en hins vegar Hjörleifur Magnússon gerðarbeiðandi. Var þar samþykkt að boða aukafundi í þremur deildum félagsins vegna brottrekstrar fulltrúanna, er nú var getið, í fyrstu deild 18. júní klukkan 20,30, og í þriðju og fjórðu deild 19. júní klukkan 20,30, en úr þessum deildum voru hinir brottrekn fulltrúar. Gegn ákvörðun þessari greiddi einn stjórnenda atkvæði, líklega Hjörleifur Magnússon.

Hinn 18. júní hélt stjórnin fund. Mættu þar 4, en enginn, er meirihlutafulltrúunum fylgdi. Þar var samþykkt að reka úr K.F.S. 38 menn fyrir að vera félagsmenn að yfirvarpi, en hafa mestöll við-

skipti sín annars staðar, og 3 menn fyrir að reka verzlun á félagssvæðinu með sömu vörur og K.F.S., að því er bezt verður séð. Þessi samþykkt var gerð með öllum atkvæðum.

Brottrekstrar þessir allir, bæði fulltrúa og félagsmanna, munu hafa verið tilkynntir þeim brottreknu.

Aukadeildarfundir þeir, sem ákveðið var 16. júní að halda skyldi, munu hafa verið auglýstir í búðargluggum K.F.S., fundurinn í fyrstu deild líklega þegar að kvöldi hins 16. júní, en hinir nokkru síðar, en líklega þó 18. júní e. t. v. 17. júní. Deildarfundirnir voru síðan haldnir á tilsettum tímum. Í fyrstu deild sóttu 22 félagsmenn fundinn, í þriðju deild 10 og í fjórðu deild 41. Nokkrar umræður urðu í öllum deildum um ýmis málefni K.F.S., og var á öllum fundunum samþykkt ályktun þess efnis, að fundarmenn lýstu sig samþykka þeirri ákvörðun félagsstjórnar „að vikja úr félaginu þeim, sem fyrir óspektum stóðu á aðalfundi K.F.S. . . .“ Þ. e. þeim 29 aðalfundarfulltrúum, er stjórnin rak úr félaginu 16. júní. Í stað þessara brottreknu fulltrúa kusu fundarmenn síðar nýja fulltrúa, svo sem nú greinir: Fyrsta deild kaus 9 aðalfulltrúa, þriðja deild kaus 4 aðalfulltrúa óg fjórða deild kaus 9 aðalfulltrúa og 3 vara-fulltrúa. Samtals voru þannig kosnir 25 aðal- og vara-fulltrúar í stað hinna 29 brottreknu. Ekki er skýrt í málinu, hvernig á þessum mun stendur, en telja má vist, að hann stafi af þeirri fækkun, sem orðið hafði í deildunum við brottreksturinn.

Hinn 20 júní var síðan haldinn framhaldsaðalfundur af hálfu stjórnarinnar, og hafa hinir nýkjörnu fulltrúar sennilega mætt þar, eða a. m. k. einhverjir þeirra ásamt hluta af þeim aðalfundarfulltrúum, er stjórnin hafði ekki rekið. Ekki er bókað, hve margir mættu, en svo virðist, sem mætt hafi 36 eða þar um bil. Flutt var skýrsla stjórnarinnar og endurskoðenda svo og lesin rekstrarreikningur félagsins. Samþykkt var að fresta afgreiðslu reikninga K.F.S. og fela stjórninni að láta fram fara yfirskoðun rekstrar og reikninga félagsins, til þess, ef unnt væri, að fá upplýst, hvað ylli hinni óeðlilegu vörurýrnun. Þá var samþykkt tillaga um skiptingu ársarðsins, en síðan gengið til kosninga á einum aðalmanni í stjórn til þriggja ára í stað Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda, er úr átti að ganga, og einum varamanni til tveggja ára í stað Hjörleifs Magnússonar gerðarbeiðanda. Aðalmaður í stjórn var kosinn Jóhann Guðmundsson með 36 atkvæðum og varamaður Jóhann Garibaldason með 34 atkvæðum. Jóhann Guðmundsson neitaði síðar að taka við stjórnarstörfum. Er hann því ekki einn gerðarþola, heldur Óskar Garibaldason, er sæti tók í stjórninni í hans stað sem varamaður, kosinn á aðalfundinum 1944. Þá fóru fram kosningar nokkurra trúnaðarmanna, er ekki þykir ástæða til að geta sérstaklega. Síðan var einróma samþykkt ákvörðun stjórnarinnar um brottrekstur fyrrgreindra 29 aðalfundarfulltrúa og til-

laga um laun stjórnarinnar. Loks voru málefni K.F.S., „sem efst eru á baugi“, rædd nokkuð, en síðan var aðalfundinum slitið.

Hinn 21. júní skipti stjórn minnihlutafulltrúanna verkum með sér á þann hátt, að Ottó Jørgensen gerðarþoli var kosinn formaður, Þóroddur Guðmundsson gerðarþoli varaformaður og Guðbrandur Magnússon gerðarþoli ritari.

Rétt þykir, áður en skilið er við athafnir eldri stjórnarinnar, að geta tvenns, er rætt hefur verið í rekstri málsins. Hinn 18. júní, klukkan 23, hélt eldri stjórnin fund, er allir gerðarþolar mættu á nema Ottó Jørgensen, og boðaði á hann Sigurð Tómasson kaupfélagsstjóra. Lauk skiptum þeirra Sigurðar þann veg á fundi þessum, að stjórnin samþykkti að segja honum upp kaupfélagsstjórastarfinu þá samstundis og taka af honum prókúruumboð fyrir K.F.S. Er bókað í fundargerðina, að þetta hafi verið gert eftir ósk Sigurðar, en við það hefur Sigurður þó ekki viljað kannast. Hefur verið um þetta deilt í rekstri málsins, en þar eð þetta atriði verður ekki talið hafa áhrif á úrslit þess, lítur rétturinn svo á, að hann þurfi ekki að taka neina afstöðu til þessa ágreinings. Á þessum sama fundi var Guðbrandur Magnússon gerðarþoli ráðinn kaupfélagsstjóri fyrst um sinn, en áður en gerð þessi var tekin fyrir í fyrsta skipti, hafði annar maður, Már Einarsson, tekið við kaupfélagsstjórastarfinu. Loks var á þessum fundi samþykkt að halda framhaldsaðalfund 20. júní, kl. 20,30, en þeim fundi hefur þegar verið lýst.

Þá skal þess loks getið, að 26. júní hélt eldri stjórnin fund út af því, að þá hafði hún fengið vitneskju um tilkynningu yngri stjórnarinnar til samvinnufélagaskrárinnar. Voru samþykkt mót-mæli til bæjarfógetans á Siglufirði við því, að hann hefði tekið við tilkynningunni, og einnig var samþykkt að tilkynna honum, að eldri stjórnin áskildi sér rétt til skaðabóta úr hans hendi í þessu sambandi. Var bæjarfógeta tilkynnt þetta í bréfi, dagsettu 26. júní.

Hafa nú verið raktar athafnir málsaðilja og fylgismanna þeirra, þær er nokkra þýðingu virðast geta haft um úrlausn máls þessa til þess tíma, að gerðarbeiðnin kom fram.

Réttarkröfur sínar í máli þessu, þær er að framan greinir, byggja gerðarbeiðendur á því, er nú segir: Hinn 7. júní s. l. hafi komið saman lögmætur aðalfundur K.F.S. og hafi hann samkvæmt 18. gr. samvinnulaganna og 13. gr. samþykkt K.F.S., þegar er hann kom saman, orðið æðsti valdhafi í málefnum félagsins. Hann hafi orðið yfir stjórnina settur, hafi getað takmarkað vald hennar, gefið henni fyrirskipanir o. s. frv. Framhaldsaðalfundurinn 10. júní hafi tvímælalaust verið lögmætur og því á sama hátt verði æðsti valdhafi í málefnum K.F.S. Neitun félagsformanns um að bera til-löguna um, að hann viki sæti og kosin yrði annar fundarstjóri,

undir atkvæði, er fram kom í fundarbyrjun 10. júní, hafi verið ólöglegt með öllu, og þegar hann ekki fullnægði skyldu sinni í því efni, hafi aðalfundinum að sjálfsögðu verið heimilt að velja sér fundarstjóra á þann hátt, er hann gerði. Sá fundarstjóri hafi verið löglega kosinn, og því hafi það framhald fundarins, er farið hafi fram undir stjórn hans, og verið löglegt svo og allar ákvarðanir, er þar voru teknar, þ. á m. frestum fundarins til 21. júní.

Í 2. mgr. 29. gr. samþykktu K.F.S. sé svo ákveðið, að þegar leggja eigi fyrir fund tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, skuli þess getið í fundarboði, en með því ákvæði eigi að tryggja það og það eitt, að væntanlegar samþykktabreytingar fari ekki fram hjá neinum fulltrúa. Með þeirri aðferð, er höfð hafi verið, að fresta fundinum, auglýsa framhaldsaðalfund með 10 daga fyrirvara og taka fram, að samþykktabreytingar yrðu á dagskrá, þá hafi þessu skilyrði samþykktanna verið fullnægt, að því er varði samþykktabreytingarnar, er gerðar hafi verið á framhaldsaðalfundinum 21. júní, og því þeim fundi verið heimilt að gera þær, enda hafi þær verið gerðar á lögmetum aðalfundi og með nægu atkvæðamagni. Ekki sé heldur vafi á því, að samþykktabreytingarnar, er gerðar hafi verið, hafi að öllu leyti verið þess eðlis, að þær hafi verið fullkomlega heimilar bæði að samþykktum K.F.S. og landslögum. Ekki verði 20. gr. samvinnulaganna skilin á þann hátt, að hún hindri, að umræddar samþykktabreytingar séu lögmetar. — Þá telja gerðarbeiðendur, að áframhald fundar minnihlutafulltrúanna hafi verið marklaust með öllu. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. samþykktu K.F.S. sé fulltrúafundur því aðeins lögmetur, að þriðjungur fulltrúa sé þar mættur, en svo hafi ekki verið á framhaldsfundi minnihlutafulltrúanna 10. júní, þar eð þar hafi í hæsta lagi mætt 18 eða 19 fulltrúar af 63. Auk þess ákveði 3. mgr. 19. gr. samvinnulaganna, að aðalfundur samvinnufélags sé því aðeins lögmetur, að fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækji hann, enda sé á fundinum meirihluti þeirra, sem þar eigi atkvæðisrétt, en hvorugu þessara skilyrða hafi verið fullnægt, að því er snerti framhald fundar þeirra minnihlutafulltrúa. Brottvikningar aðalfundarfulltrúanna hafi verið alger markleysa. Bæði sé það, að enda þótt sakir þær, er hinir brottrekn fulltrúar voru bornir, væru sannar, sem þó ekki sé, þá séu þær ekki brottrekstrarástæður samkvæmt samþykktum K.F.S., og einnig sé stjórn samvinnufélags með öllu óheimilt að reka aðalfundarfulltrúa úr félaginu, þar eð þeir séu henni æðri, þeir kjósi stjórnina, hún beri ábyrgð fyrir þeim, og séu stjórnendur því í raun réttir trúnaðarmenn fulltrúanna eða aðalfundarins, er saman standi af þeim. Og þar sem brottrekstrar aðalfundarfulltrúanna séu markleysur, séu kosningar hinna nýju aðalfundarfulltrúa á deildarfundunum 18. og 19. júní það og. Einnig hafi deildarfundir þessir verið boðaðir gegn vilja deildar-

stjóra og með alltof skömmum fyrirvara og séu því einnig af þeim ástæðum marklausir. Þá séu hinar nýju fulltrúakosningar og löglausar sökum þess, að enda þótt brottrekstrarnir hefðu allir verið lögmatir, þá hefðu verið eftir óreknir það margir varafulltrúar, kosnir á hinum lögmatu deildarfundum fyrir aðalfundinn 7. júní, að ekki hefði þurft að kjósa nema 6 nýja fulltrúa, en í þess stað hafi 25 verið kosnir. Loks sé svo það, að samkvæmt samþykktum K.F.S. verði fulltrúar ekki kosnir nema á aðalfundi deildanna, en hann sé aðeins einn á ári og eigi að boðast með viku fyrirvara. — Af öllu því, er nú hafi verið talið, leiði svo það, að fundur sá, er eldri stjórnin hafi haldið 20. júní og kallað aðalfund K.F.S., hafi verið ólögmat, enda sé þess og sérstaklega að gæta, að allar framangreindar ráðstafanir séu gerðar, eftir að aðalfundurinn 10. júní hafi verið búinn að takmarka heimild stjórnarinnar til að gera bindandi samþykktir fyrir félagið. Samkvæmt þeim málástandum, er nú hafa verið greindar, telja gerðarbeiðendur tvímælalaust, að eldri stjórn K.F.S. sé ekki lengur lögmat stjórn þess. Telja gerðarbeiðendur, að þeir séu sjálfir lögmat stjórn félagsins samkvæmt framangreindum rökum sínum, og beri því að taka til greina allar framangreindar réttarkröfur þeirra í máli þessu.

Gerðarþolar byggja réttarkröfur sínar á þeim málástandum, er nú verða greindar:

17. Atkvæðagreiðslur þær, er Bjarni Jóhannsson hafi stjórnað á aðalfundinum 10. júní, hafi verið lögleysur og ógildar, og því allt, er á þeim hafi byggzt, ólöglegt, þar á meðal aðalfundur sá, er meirihlutafulltrúarnir hafi haldið 21. júní, og stjórnarkosning sú, er þar fór fram og gerðarbeiðendur leiða stjórnarheimild sína af. Stafi þetta af því, að samkvæmt 4. gr. fundarskapa K.F.S. skuli formaður vera fundarstjóri á fundum þess, en varaformaður í forföllum hans, en þá fyrst, ef hvorugur þeirra sé mættur, megi fundurinn kjósa sér fundarstjóra. Enn fremur segi í greininni, að fundarmenn séu skyldir að hlíta úrskurði formanns um allt, er varði fundarreglur. Tillaga sú, er Bjarni hafi borið upp, hafi ekki verið dagskrártillaga, heldur sjálfstæð tillaga, sem umræður hafi þurft um, og hafi því borið að taka hana til afgreiðslu undir dagskrárlíðnum: Önnur mál, nema afbrigði hefðu verið leyfð, en fram á þau hafi ekki verið farið. Samkvæmt fundarsköpum K.F.S. megi ekki vikja formanni úr fundarstjóraseti, enda sé ljóst af 14. gr. fundarskapanna, að hún heimili aðeins afbrigði um einstök tilfelli í fundartilhöguninni, en ekki að því er snerti fundarskipulagið sjálft, en til þess verði að telja, að formaður stjórni fundum. En jafnvel þótt talið yrði, að heimilt væri að vikja frá fundarsköpunum að þessu leyti, þá hefði varaformaður átt að taka við fundarstjórn, nema honum væri vikið líka, en ekki hafi það verið

gert. En þegar þetta hvorttveggja hefði verið búið, hefði fyrst mátt kjósa sérstakan fundarstjóra. Úrskurðurinn um að vísa tillögunni frá, a. m. k. þegar hún hafi verið borin fram, hafi því verið réttur, en jafnvel þótt svo hefði ekki verið, hefði fundarmönnum samt borið að hlíta honum samkvæmt fundarsköpum K.F.S. Enginn fundarmanna hefði á löglegan hátt getað tekið fundarstjórn á þann hátt, er Bjarni gerði, og ef fundarmenn hefðu talið úrskurðinn rangan, hefðu þeir getað borið hann undir dómstólana og fengið þar leiðréttingu mála sinna. Engin nauðsyn hafi heldur verið til athafna Bjarna, formaður hafi ekkert ofbeldi sýnt sem fundarstjóri, enda hefði staðið svo á, þegar tillagan hafi komið fram, að hann hafi ætlað að fara að lesa skýrslu stjórnarinnar og varaformaður að taka sæti hans.

A2. Svo mikið öngþveiti hafi ríkt á fundinum, þegar atkvæðagreiðslurnar hjá Bjarna fóru fram, að enginn möguleiki, hafi verið á að láta fara fram örugga atkvæðagreiðslu. Umgangur hafi verið og hávaði slíkur, að fulltrúar hafi ekki getað heyrt til Bjarna, hann hafi ekki gefið þess kost að ræða málin, og ekki muni hann hafa leitað mótatkvæða. Ekki hafi verið unnt að telja atkvæðin, er greidd hafi verið, og muni aðeins hafa verið talið, hve margir hafi undirritað tillöguna, og sé það rangt, að 44 hafi greitt henni atkvæði.

A3. En enda þótt talið yrði sannað, að 44 hafi greitt atkvæði undir stjórn Bjarna, þá hafi ekki nema í mesta lagi 32 aðalfulltrúar getað gert það. Varafulltrúar þeir, 12 að tölu, sem talið sé, að hafi greitt tillögunni um kosningu nýs fundarstjóra atkvæði, muni ekki hafa haft fulltrúaréttindi á fundinum, og hafi þeirra atkvæði, þótt greidd hefðu verið, þess vegna verið ógild. Tillagan hafi því ekki getað fengið  $\frac{2}{3}$  atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, en það hefði hún þurft að fá til þess að verða talin samþykkt sem afbrigði frá fundarsköpum K.F.S.

B1. Framhaldsaðalfundur þeirra meirihlutafulltrúa 21. júní var ekki ályktunarfær, að því er gerðarþolar telja. Jóhann Þorvaldsson gerðarbeiðandi hafi enga heimild haft til að kalla hann saman, í fyrsta lagi vegna þess, að hann hafi ekki verið löglega kosinn fundarstjóri, og í öðru lagi vegna þess, að félagsstjórn eigi samkvæmt samþykktum K.F.S. að boða félagsfundi, en fulltrúar geti ekki gert það sjálfir, nema þeir hafi áður árangurslaust skorað á stjórnina að gera það, en svo hafi ekki verið hér.

B2. Af þeim 46 mönnum, sem mættu á fundinum 21. júní, (þessi orð eru tekin orðrétt úr ræðu umboðsmanns gerðarþola, og verður að telja, að í þeim felist viðurkennið á því, að 46 fulltrúar hafi mætt á fundinum 21. júní, en því mótmælti hann í greinargerð sinni sem ósönnuðu, enda þótt nöfn allra manna séu skráð í

fundargerðina) hafi verið búið að vikja 26 úr félaginu á löglegau hátt, og hafi því aðeins mætt þar 20 menn með fulltrúaréttindum. Deildarfundir hefðu verið búnir að samþykkja ráðstöfun þessa og kjósa nýja menn í þeirra stað, og hafi það vafalaust verið réttmætt, því að heimild stjórnarinnar til að vikja mönnum úr félaginu nái til allra félagsmanna, fulltrúa sem annarra, og hafi brottvikningin því verið gild, þangað til hún hefði verið felld úr gildi annað hvort af ályktunarfærum aðalfundi eða dómstólunum. En hvernig sem lítið yrði á brottvikninguna, sé þó vafalaust, að deildarfundirnir hefðu getað afturkallað umboð fulltrúanna til að mæta á aðalfundinum á þann hátt, er gert hafi verið 18. og 19. júní. Fundir þessir hafi á allan hátt verið lögmætir og ályktanir þeirra því löglegar og bindandi.

C. Samþykktabreytingarnar, sem stjórnarkosningin 21. júní hafi verið byggð á, hafi ekki verið löglega samþykktar samkvæmt 29. gr. samþykktar K.F.S. Samþykktunum verði aðeins breytt á aðalfundi, en hann sé ekki nema einn á ári. Ef samþykktabreytinga sé getið í fundarboði til aðalfundar, þurfi þær samþykki  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna, en ella atkvæði  $\frac{1}{2}$  þeirra, og auk þess samþykki meirihluta félagsstjórnar til að öðlast gildi. Sé þessu þannig fyrir komið, til þess að einhver tilviljunarmeirihluti á aðalfundi geti ekki hringlað með samþykktir félagsins að lítt athuguðu máli, eins og hér hafi átt að gera. Skilyrðunum um hinn aukna meirihluta og samþykki meirihluta stjórnarinnar hafi ekki verið unnt að fullnægja hér, en þess hefði þurft, þar sem tillögurnar um samþykktabreytingarnar hafi ekki komið fram fyrr en á aðalfundinum, þegar af þeirri ástæðu, að svo mikill hluti fulltrúa hafi ekki verið þeim samþykktur og meirihluti stjórnarinnar hafi verið þeim andvígur. Auglýsing Jóhanns Þorvaldssonar gerðarbeiðanda hafi ekki getað talizt nægilegt fundarboð, þar eð hún hafi ekki verið sett upp fyrr en 6—8 dögum fyrir aðalfundinn 21. júní, og heldur ekki frumvarpið að samþykktabreytingunum, sem afhent hafi verið einhverjum fulltrúum á aðalfundinum 10. júní, þar eð í því hafi ekki staðið, hvenær leggja ætti það fyrir aðalfund.

D. Samþykktabreyting sú, er hér ræði um, geti ekki verið gild samkvæmt 20. gr. samvinnulaganna, er taki fram, að meirihluti stjórnar samvinnufélags megi aldrei ganga úr á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi. Sé þannig ákveðið í lögnum, að stjórnarumboð sé óafturkallanlegt út kjörtímabil hvers einstaks stjórnanda, nema hann missi almenn skilyrði til að gegna stjórnarstörfum eða óviðráðanleg atvik valdi, en svo hafi ekki verið hér, og hafi því ekki fundurinn 21. júní, þótt lögmætur hefði verið, getað tekið stjórnarumboðið af þeim stjórnendum, er ekki hafi átt að ganga úr stjórninni. Sé þetta gert til að skapa nauðsynlega festu og sam-

ræmi í stjórn samvinnufélaga, enda eðlileg varúðarráðstöfun, sérstaklega þegar þess sé gætt, að samvinnufélögin séu að nokkru leyti opinber eign.

Verða nú framangreindar málsástæður, er gerðarpolar telja eiga að valda því, að réttarkröfur þeirra verði teknar til greina, teknar til athugunar hver um sig.

Um A1. Svo sem þegar hefur verið greint, litur rétturinn svo á, að ærið tilefni hafi verið til þess, að dagskrártillagan, sem kom fram í byrjun framhaldsaðalfundarins 10. júní um að vikja formanni úr fundarstjóraseti og kjósa annan fundarstjóra, var flutt. Virðist hún hafa verið bein og eðlileg afleiðing þess, sem á undan var gengið í fundarstjórn formanns og lýst hefur verið.

Ekki eru nein ákvæði um það í samþykktum K. F. S., að formaður skuli vera fundarstjóri á fundum félagsins. Hins vegar segir í 4. gr. fundarskapa félagsins, að formaður skuli vera fundarstjóri á félagsfundum, en varaformaður í forföllum hans. Í 14. gr. sömu fundarskapa segir, að afbrigði frá þeim geti fulltrúafundur gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þyki bera til, ef það sé samþykkt af  $\frac{2}{3}$  hlutum allra fulltrúa, sem á fundi séu. Þessi heimild til afbrigða verður ekki skilin á annan veg en þann, að hún heimili hverskonar afbrigði, er hinn tiltekni meirihluti telur nauðsynleg, þar á meðal afbrigði á þá lund, að fundurinn geti, hvenær sem er, tekið ákvörðun um, að hvorki formaður né varaformaður skuli stjórna honum, heldur sá, er fundurinn kýs sérstaklega til þess. Dagskrártillagan var því á allan hátt lögmæt samkvæmt fundarsköpum K. F. S. Tillagan, er samkvæmt efni sínu fól í sér afbrigði frá fundarsköpum, var þess eðlis, að skylt var að bera hana undir atkvæði þegar í stað og óheimilt með öllu að neita að bera hana upp eða fresta henni til síðasta dagskrárliðar: Önnur mál. Var því neitun formanns um að bera tillöguna upp í alla staði óréttmæt.

Þar sem svona stóð á, verður að telja, að eina leiðin, er fundurinn hafi haft til þess að ná rétti sínum, hafi verið sú, sem farin var, þ. e., að sá fulltrúanna, er falið hafði verið að koma tillögunni á framfæri, bæri hana undir atkvæði fundarmanna. Þess réttar, er aðalfundurinn átti, gat hann ekki neytt á annan hátt en gert var, eins og þarna stóð á, enda ómögulegt, eins og löggjöf vorri er háttáð, að fá þá aðstoð dómsvaldsins, er að gagni hefði komið, nægilega skjótt.

Fyrir slíkum atvikum, sem hér ræðir um, er að sjálfsgöðu ekki gert ráð í lögum. Til þess eru þau of óeðlileg. Hins vegar gerir 18. gr. laga um samvinnufélög og 13. gr. samþykktu K. F. S. ráð fyrir, að félagsstjórn kunni að vanrækja að boða til fundar, sem henni er skylt að boða eftir kröfu tiltekins hluta félagsmanna eða félagsdeilda, og er svo ákveðið í greinunum, að hafi stjórnin ekki boðað til fundarins innan tiltekins tíma, geti hlutaðeigendur sjálfir

kvatt til fundar. Virðast ákvæði þessi sett í þeim tilgangi, að stjórn samvinnufélags geti ekki að eigin geðþótta varnað félagsmönnum að ræða og taka ákvarðanir um þau efni, er þeir kunna að æskja, en stjórnin er mótfallin. En þýðingarlaus væru þau með öllu, ef fundurinn gæti ekki losað sig við þann mann úr fundarstjórásæti, er það skipaði samkvæmt ákvæðum í fundarskópum og beitti valdi til þess að meina fundinum að ræða þau mál, er hann hefði ætlað. Ætla má því, að ef löggjafinn hefði gert ráð fyrir slíkum tilvikum og hér ræðir um, þá hefði hann einnig veitt félagsfundi heimild til sjálfstæðra athafna, eins og gert er í 18. gr. laga um samvinnufélög, til að skipta um fundarstjórn á sama eða svipaðan hátt og hér var gert. Svo hefði líklega og verið gert undir sama skilorði í samþykktum K. F. S. Virðist því liggja nærri að telja, að athafnir Bjarna Jóhannssonar á aðalfundinum 10. júní hafi einnig verið heimilar samkvæmt löggjöfnun við fyrrgreind ákvæði 18. gr. laga um samvinnufélög og 13. gr. samþykktu K. F. S.

Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, verður að telja, að heimilar hafi verið þær aðferðir um atkvæðagreiðslurnar, er Bjarni Jóhannsson stjórnaði á aðalfundinum 10. júní, er beitt var.

Um A 2. Fulltrúar á aðalfundinum 10. júní sátu í sérstökum bekkjum, svo sem þegar er lýst, og er ekki annað sýnilegt en að þeir hafi verið þar kyrrir eða hafi a. m. k. ekki farið út fyrir fulltrúasvæðið, sem lýst var hér að framan, (nema e. t. v. 1—3 minnihlutafulltrúar), meðan stóð á atkvæðagreiðslunum hjá Bjarna. Sýnist ekki hafa verið um að villast, hverjir fundarmanna voru fulltrúar og hverjir ekki, sbr. t. d. framburð Guðbrands Magnússonar gerðarþola, er segir, að þegar hann hafi komið inn í fundarbyrjun, hafi verið búið að koma fulltrúum þannig fyrir í bekkjum, að ekki hafi verið hægt að villast á, hverjir væru fulltrúar. Gerðarbeiðendur, þeir er á fundinum voru, þeir Jóhann Þorvaldsson, Halldór Kristinsson, Kristján Sigurðsson og Skafti Stefánsson, eru sammála um, að atkvæðagreiðslurnar hafi verið greinilegar og aðstaða við þær verið góð eða a. m. k. sæmileg. Gerðarþolar voru allir á fundinum. Enginn þeirra hefur skilorðslaust talið aðstöðuna svo slæma, að óframkvæmanlegt hafi verið að telja atkvæði. Otto Jörgensen telur aðstöðu til atkvæðatalningar hafa verið illa, Þóroddur Guðmundsson telur hana hafa verið slæma og talningu atkvæða hafa verið annaðhvort ill- eða óframkvæmanlega, svo að öruggt væri, Kristján Sigtryggsson segir, að erfitt muni hafa verið að telja atkvæði, Óskar Garibaldason sagði fyrst, að aðstaða til atkvæðagreiðslu og talningar atkvæða hafi ekki verið sem ákjósanlegust, og síðar, að gefnu tilefni frá umboðsmanni gerðarþola, að aðstaðan hafi verið svo slæm, að hann myndi sjálfur ekki hafa treyst sér til að láta fara fram nákvæma atkvæðagreiðslu, og loks segir Guðbrandur Magnússon, að sér hafi

fundizt, að vel væri hægt að telja atkvæði, og að ekki sé líklegt, að teljararnir hafi talið aðra fundarmenn í misgripum fyrir fulltrúana. Þeir meirihlutafulltrúarnir Sigurður Gunnlaugsson, Jóhann Möller og Bjarni Jóhannsson telja aðstöðuna hafa verið góða. Minnihlutafulltrúarnir Hlöðver Sigurðsson og Gunnar Jóhannsson telja, að óframkvæmanlegt hafi verið að láta atkvæðagreiðslur fara fram, Ásgrímur Albertsson segir, að mikil framiköll hafi verið og fulltrúar sumir staðið upp og gengið til, Páll Ásgrímsson segir, að sér hafi þótt atkvæðagreiðslurnar fara ógreinilega fram, og loks segir Jón Jóhannsson, að ókyrrð hafi verið nokkur í salnum, meðan atkvæðagreiðslurnar hafi farið fram, en þó ekki meiri en oft komi fyrir á fundum, þar sem dálitill hiti sé í málum.

Áheyrendurnir Páll Jónsson byggingafultrúi og Kristján Sturlaugsson kennari telja atkvæðagreiðslurnar hafa verið greinilegar, Eggert Theodorsson leggur ekki dóm á það, en segir, að ókyrrð hafi verið mikil, og frú Jóhanna Pétursdóttir segir, að „heilmikil læti“ hafi verið, er mest hafi lýst sér í tali og upphrópunum, en leggur ekki frekar en Eggert neinn dóm á atkvæðagreiðslurnar. Teljararnir, þeir Jóhann Sveinbjörnsson tollþjónn, sem unnið hefur eið að framburði sínum, og Arnþór Jóhannsson skipstjóri, er gefið hefur vottorð, sem tekið var gilt sem staðfest, segja báðir, að auðvelt hafi verið að telja atkvæðin og að þeir hafi talið rétt.

Ekki mun neinn fundarmanna hafa beðið Bjarna um orðið um dagskrártillöguna, mótakvæða mun hann hafa leitað um hana, en engin komið fram. Um það, hvernig heyrzt hafi til Bjarna, þegar hann las tillöguna upp, eru framburðir nokkuð skiptir, en með öllu er ástæðulaust að ætla, að fulltrúar hafi ekki vitað, um hvað tillagan var, enda hafði formaður sjálfur lesið hana upp áður, eins og fyrr segir.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður að álykta, að framangreindar atkvæðagreiðslur hafi verið nægilega greinilegar til þess að verða teknar gildar og að atkvæði hafi verið rétt talin, 44 með dagskrártillögunni og 43 með nýja fundarstjóranum.

Um A 3. Í 5. gr. reglna um kosningu deildarstjórna og fulltrúa fyrir K. F. S. er svo ákveðið, að varamenn taki sæti aðalmanna í forföllum þeirra eftir atkvæðamagni. Telja má upplýst í málinu, að aðalfulltrúarnir Jóhann Jóhannsson, Sveinn Þorsteinsson, Jónas Jónasson, Jónas Björnsson, Snorri Friðleifsson, Gunnlaugur Hjálmarson, Magnús Baldvinsson, Jón Kristjánsson, Páll Erlendsson og Björgvin Bjarnason hafi verið forfallaðir frá að mæta á aðalfundinum 10. júní, og staðhæft hefur verið, að þeir Þórir Konráðsson og Sigurður Magnússon hafi og haft forföll, og eru engar mótlíkur leiddar gegn því. Af ofangreindum aðalfulltrúum eru 4 í fyrstu deild, 4 í þriðju deild og 4 í fjórðu deild. Af varafulltrúum, er mættu úr fyrstu deild, höfðu þeir Guðvarður Jónsson og Jóhann Svein-

björnsson samkvæmt atkvæðamagni sínu tvímælalausán rétt til að mæta samkvæmt reglum K. F. S., þeim er áður gat. Adolf Einarsson og Einar Ásgrímsson höfðu hins vegar lægra atkvæðamagn en aðrir varafulltrúar deildarinnar, er ekki mættu, og munaði 3 atkvæðum á þeim og atkvæðahæsta varafulltrúanum, er ekki mætti. Af varafulltrúum, er mættu úr 3. deild, höfðu þeir Páll Hjartarson, Jón Björnsson og Ólafur Eiríksson tvímælalausán rétt til að mæta, og má geta þess hér, þar eð Ólafur Eiríksson var að atkvæðatölu jafn Jóhanni Rögnvaldssyni, sem ekki mætti, að engin ákvæði eru í reglum K. F. S. um, í hverri röð varafulltrúar með jöfnum atkvæðum skuli mæta í forföllum aðalmanna, og sýnist þá vera óbundið, hver þeirra mætir. Einar Eyjólfsson, er mætti sem varafulltrúi, hafði hins vegar 2 atkvæðum minna en Jóhann Rögnvaldsson, sem ekki mætti.

Af þeim varafulltrúum, er mættu úr 4. deild, höfðu Jónas Halldórsson og Þorkell Jónsson tvímælalausán rétt til að mæta, en þeir Jónas Jónsson og Bjarni Jóhannsson höfðu hvor um sig einu atkvæði færna en tveir aðrir varafulltrúar, sem ekki mættu.

Þess skal getið, að aðalfulltrúinn Árne Jónasson úr 4. deild var forfallaður 10. júní og mætti ekki á fundinum, en ekki sýnist neinn sérstakur varafulltrúi hafa mætt í hans stað.

Það, sem nú hefur verið sagt um hina mættu varafulltrúa, hefur verið rakið til þess að sýna, að mjög litlu munaði, að varafulltrúar mættu nákvæmlega í samræmi við reglur um kosningu deildarstjórna og fulltrúa fyrir K.F.S., en annars eru það þau atriði, er nú greinir, sem hafa úrslitabýðingu um þessa málsástæðu gerðarþola, eins og hér stendur á:

Greindar reglur eru að líkindum settar af aðalfundi K.F.S. til leiðbeiningar fyrir fundarstjóra, og telja verður, að aðalfundur geti vikið frá þeim, þegar honum býður svo við að horfa. Ottó Jörgensen gerðarþoli skýrði svo frá því í aðiljaframburði sínum, að undanfarin ár hafi það verið venja, að taka gilda varafulltrúa, er á fund hafi komið, ef þeir hafi verið mættir fyrir ákveðinn mann, og hafi það verið gert, án þess að ströngustu skilyrða hafi verið gætt um, hvort aðalfulltrúi hafi raunverulega verið forfallaður og kvatt viðkomandi til að mæta fyrir sig, og þá einnig án þess að athuga, að varafulltrúarnir mættu í réttari röð.

Að þessu hvorutveggja athuguðu svo og því, að telja verður, að bæði aðalfundurinn sjálfur og félagsformaður hafi viðurkennt alla varafulltrúana, er þeir, án þess að nokkur athugasemd kæmi um það, settust á fulltrúabekkina, eftir tilmælum formanns í fundarbyrjun, þá verður að telja, að varafulltrúarnir hafi allir haft fulltrúaréttindi á fundinum.

Af þessum ástæðum verður að telja öll hin greiddu atkvæði um umrædda tillögu og fundarstjórakosninguna gild.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið um málsástæður gerðarþola hér að framan undir A 1—3, litur rétturinn svo á, að atkvæðagreiðslur þær, er Bjarni Jóhannsson stjórnaði á aðalfundinum 10. júní, hafi verið lögmætar, þær hafi verið nægilega greinilegar, atkvæði verið rétt talin og hin töldu atkvæði öll fullgild.

*Um B1.* Svo sem þegar er sagt, litur rétturinn svo á, að Jóhann Þorvaldsson hafi verið löglega kjörinn fundarstjóri á aðalfundinum 10. júní. Eins og þarna stóð á, verður ekki talinn neinn vafi á því, að aðalfundurinn 10. júní hafi getað falið framkvæmdastjóra og hinum nýkjörna fundarstjóra sínum að auglýsa framhald aðalfundarins 21. júní með samþykkt þeirri, er gerð var í fundarlokin, enda var það hvorttveggja, að þá mátti líta svo á, að stjórnin eða meirihluti hennar hefði sagt sig úr lögum við aðalfundinn, og eftir öllum atvikum mátti telja fyrirfram vist, að hún myndi ekki sinna tilmælum fundarins um auglýsingu framhaldsaðalfundar í því skyni, sem hann átti að halda.

*Um B2.* Ástæður þær, er meirihluti eldri stjórnarinnar byggir á brottrekstur hinna 26 aðal- og varafulltrúa, er fram fór á stjórnarfundinum 16. júní, eru þær, að þeir hafi neitað að taka þátt í löglegum aðalfundi félagsins og hlíta þar samþykktum og fundarsköpum þess svo og stofnað til sérstakra fundarhalda, er þeir hafi kallað aðalfund K.F.S., og loks auglýst slíkan fund í nafni félagsins án samþykkis stjórnarinnar. Samkvæmt því, sem sagt hefur verið hér á undan, eru þetta rangar sakargiftir, eins og hér stóð á, og heimila því alls ekki brottrekstur umræddra manna. Auk þess verður eðli málsins samkvæmt að telja það utan valdssviðs stjórnarinnar að reka aðalfundarfulltrúa úr félaginu, meðan stendur á aðalfundi, a m. k. án samráðs við aðalfundinn sjálfan. Brottrekstrar hinna 26 aðal- og varafulltrúa verða því að teljast ógildir, og breytir það engu í því efni, þótt deildafundir þeir, er nú verða ræddir, hafi samþykkt þá.

Fullrúar á aðalfund K.F.S. skulu, svo sem fyrr greinir, kosnir á aðalfundi deildanna, sem er einn á ári og boðaður skal með viku fyrirvara. Deildarfundi skal deildarstjóri kalla saman eftir tillögum stjórnar og framkvæmdastjóra.

Deildarfundirnir, er haldnir voru 18. og 19. júní, voru auka-fundir. Voru þeir auglýstir með ekki lengri fyrirvara en tveggja daga. Fundirnir voru boðaðir af stjórn K.F.S. og, að því er ætla verður, án samþykkis og gegn vilja deildastjórnanna, enda gáfu allar deildastjórnirnar, er málið skipti, út tilkynningar til félagsmanna um, að fundirnir væru þeim með öllu óviðkomandi og að þær teldu þá ólögmæta. Þegar af þessum ástæðum verður ekki talið, að fundir þessir hafi getað svipt aðalfundarfulltrúana umboðum þeirra, og þarf því ekki að taka afstöðu til þess, hvort slíkt er almennt á valdi almennra deildarfunda.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið undir B1 og 2, verður að líta svo á, að framhaldsfundurinn 21. júní hafi verið ályktunarfær aðalfundur K.F.S., eins og hann var skipaður.

Um C. Í 29. grein samþykkt K.F.S. segir, að þeim verði ekki breytt nema á aðalfundi, og þurfi a. m. k.  $\frac{2}{3}$  hlutar atkvæðisbærra fundarmanna að samþykkja breytinguna. Þegar leggja á samþykktabreytingar fyrir fund, skal geta þess í fundarboði. Aðalfund á að auglýsa með 10 daga fyrirvara.

Breytingum á samþykktum má koma fram á aðalfundi, þótt ekki hafi verið boðaður í fundarboði, en þá þurfa þær að hljóta  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða og fylgi meirihluta félagsstjórnar til að öðlast gildi.

Rétturinn verður að fallast á þá skoðun gerðarbeiðanda, að það ákvæði, að samþykktabreytinga skuli geta í fundarboði aðalfundar, sé til þess sett að tryggja, að ekki fari fram hjá neinum, að breytingarnar séu væntanlegar, svo og til þess að veita hæfilegan umhugsunarfrest um hinar væntanlegu breytingar. Verður því að líta svo á, að heimilt sé að beita þeirri aðferð, er hér var beitt, til þess að koma fram samþykktabreytingum með samþykki einungis  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæðisbærra fundarmanna, þ. e. að fresta aðalfundi, er auglýstur hefur verið án boðunar samþykktabreytinga, og auglýsa framhaldsaðalfund með 10 daga fyrirvara og geta þess í fundarboði, að tillögur til samþykktabreytinga muni liggja fyrir.

Hér má og geta þess, að breytingar þær, er samþykktar voru á hinum lögmæta aðalfundi K.F.S. 21. júní, hlutu samþykki meira en  $\frac{2}{3}$  hluta mætttra fulltrúa, en meirihluti stjórnar félagsins var ekki mættur og gat því ekki neytt þess réttar, er hann taldi sig eiga til að hindra samþykktabreytingarnar, en telja verður, að þess réttar verði stjórnin að neyta á fundi. Má því og líta svo á, að samþykktabreytingin hafi einnig verið gerð að fullnægðum hinum strangari skilyrðum 29. gr. samþykkt K.F.S.

Áður en meiri- og minnihlutafulltrúarnir skildu á fundinum 10. júní, var fulltrúum boðið og afhent, þeim er það vildu, frumvarp að samþykktabreytingum þeirra meirihlutafulltrúanna, og áður en hinu lögmæta framhaldi þess fundar lauk, var samþykkt að auglýsa, að framhaldsaðalfundur, er samþykktabreytingar væru væntanlegar á, yrði haldinn 21. júní. Auglýsingar um framhaldsaðalfundinn 21. júní voru samkvæmt framburði Sigurðar Tómassonar festar upp í 2—3 búðum K.F.S. hinn 13. júní, en rifnar niður aftur eftir fyriræluum Þórodds Guðmundssonar gerðarþola, líklega 15. eða 16. júní. Þá var fundurinn og auglýstur í Siglfirðingi, er út kom 15. júní, og enn fremur með tveimur auglýsingum við götur bæjarins, en ekki er alveg ljóst, hvenær þær voru settar upp. Telja má eftir gögnum málsins, að alkunnugt hafi verið á Siglufirði, að fundinn átti að halda á hinum tiltekna tíma.

Ekki eru fyrir mæli um það í samþykktum K.F.S., í hverju formi boðun aðalfundar skuli vera, og þykir því mega líta svo á, að til framhaldsfundarins 21. júní hafi verið nægilega boðað og í samræmi við samþykktir K.F.S. á framangreindan hátt.

Samkvæmt því, er hér hefur verið rætt, verður því að telja samþykktabreytingarnar, sem stjórnarkosningin 21. júní byggðist á, lögmaetar samkvæmt ákvæðum 29. gr. samþykktu K.F.S.

Um D. Í 20. gr. laga um samvinnufélög segir m. a. „... Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og séu þeir eigi færri en þrjú. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meirihluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi ...“. Í 18. gr. sömu laga segir, að félagsfundur hafi æðsta vald í málefnum félagsins, með þeim hætti, sem lög ákveði og samþykktir þess. Þá segir og í 21. gr. laganna, að stjórnendur beri ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hafi bóka ágreiningsatkvæði í gerðarbók félagsins.

Af hálfu gerðarbóla er því haldið fram, að greint ákvæði 20. gr. samvinnulaganna sé bindandi ákvæði. Sé það sett í því skyni að skapa nauðsynlega festu og samræmi í stjórn samvinnufélaga. Virðist réttinum, að fallast megi á þessa skoðun gerðarbóla um tilgang ákvæðisins, enda verður vart komið auga á önnur atriði, er gætu skýrt tilvist þess.

Í 20. gr. laga um samvinnufélög er ákvæði um, að stjórnendur félags skuli ekki vera færri en 3, en hins vegar er ekkert tekið fram um, hve margir þeir skuli eða megi vera flestir. Verður því að telja, að aðalfundur samvinnufélags geti sjálfur ráðið, hve marga hann hefur í stjórn félagsins, og sé hann ekki bundinn við annað en að hafa þá ekki færri en þrjú. Af þessu leiðir, að aðalfundur getur á hvaða tíma, sem er, fjölgað svo mikið í stjórn félags með samþykktabreytingu, að sá hluti stjórnarinnar, sem ekki á að ganga úr á þeim fundi, verði alger minnihluti í hinni nýju og fjölmennari stjórn. Þegar svo væri að farið, væri það á engan hátt á valdi meirihluta gömlu stjórnarinnar að ákveða stjórnarathafnir og þar með hefði hann misst aðstöðu til að halda þeirri festu og því samræmi í stjórn félagsins, er hann kynni að hafa talið æskilega. Með þessari aðferð, sem telja verður heimila eftir lögnum um samvinnufélög, gæti nægilega sterkur aðalfundarmeirihluti náð sömu eða a. m. k. nálega sömu aðstöðu í stjórn samvinnufélags, eins og hann myndi ná undir því skilorði, að vikja mætti allri stjórninni á fundinum. — Sýnist því greint ákvæði, þótt bindandi væri, ekki til þess fallið að ná ofangreindum tilgangi sínum.

Samkvæmt hinum tveimur ákvæðunum, sem tekin voru upp úr lögnum um samvinnufélög hér að framan, ber stjórn samvinnufélags ábyrgð fyrir aðalfundi sem æðsta valdhafa í málefnum fé-

lagsins. Ekki skýra lögin nánar, hvers konar ábyrgð fyrir aðalfundinum átt er við. Telja verður þó, þar sem engar takmarkanir eru settar, að stjórnin beri ábyrgð fyrir aðalfundinum á öllum þeim athöfnum, er hún hefur framkvæmt og staðið að sem stjórn félagsins. Nú má hugsa sér mörg þau tilvik, að aðalfundurinn væri mjög ósammála stjórn félagsins bæði um einstakar gerðir hennar og stefnu hennar í málefnum félagsins almennt. Stjórnin vildi hins vegar ekki breyta afstöðu sinni, heldur halda áfram á sömu braut, teldi t. d. framkvæmd vilja aðalfundarins geta valdið félaginu tjóni. Tvímælalaust væri það í samræmi við ákvæði laganna um samvinnufélög, að vilji aðalfundarins réði í slíkum tilvikum. Með tilliti til afstöðu stjórnarinnar kynni fundurinn að vantreysta henni til að framkvæma vilja hans, og væri hann þá illa settur og lítið orðið úr æðsta valdi hans í félagsmálum, ef hann gæti ekki skipt um menn í stjórninni og sett í hana menn, er hann treysti betur til að framfylgja þeirri stefnu, er hann óskaði. — Margvisleg tilvik gætu og komið fyrir, án þess að verða að lögum talin óviðráðanleg atvik, er gerðu það sjálfsagða ákvæði litils virði, að stjórnin bæri ábyrgð fyrir aðalfundi, ef aðalfundurinn hefði ekki heimild til að vika stjórn eða meirihluta hennar, allri eða öllum samtímis.

Að því athuguðu, að fyrstgreint ákvæði 20. gr. laga um samvinnufélög virðist ekki til þess fallið, að ná þeim tilgangi, sem telja verður, að því sé ætlað, enda þótt bindandi væri talið, svo og því, að sem bindandi ákvæði verður það vart talið samræmast þeim öðrum ákvæðum samvinnulaganna, sem greind hafa verið og telja verður til grundvallaratriða laganna, og loks því, að sem bindandi ákvæði samræmist það mjög illa hinum lýðræðislega anda, sem samvinnulögin eru byggð á, þá verður rétturinn að líta svo á, að ákvæði þetta sé ekki ófrávikjanlegt, heldur sé það sett í lögin sem leiðbeiningarregla, er löggjafinn hafi talið æskilegt, að fylgt væri undir öllum venjulegum kringumstæðum.

Lítur því rétturinn svo á, að umrædd samþykktabreyting brjóti á engan hátt bág við 20. gr. laga um samvinnufélög.

Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, þykir engin varnarástæða gerðarþola hafa við rök að styðjast. Verða úrslit málsins því þau, að framangreindar réttarkröfur gerðarbeiðenda verða teknar til greina á þann hátt, að heimilaður verður framgangur hinnar umbeðnu innsetningargerðar á ábyrgð gerðarbeiðenda og gegn þeirri tryggingu, er fógeti kann að krefjast.

Að því, er varðar málskostnað þykir ekki eftir málavöxtum unnt að gera gerðarþolum að greiða gerðarbeiðendum hann að fullu. Hins vegar ber að gera þeim að greiða nokkra fjárhæð upp í málskostnað. Þykir hún með tilliti til þess, hversu viðamikil málið er,

dýrra ferðalaga umboðsmanns gerðarbeiðenda og mikillar vinnu og langs tíma, er hann hefur orðið að fórna málinu, hæfilega ákveðin kr. 5000.00.

Því úrskurðast:

Framangreind umbeðin innsetningargerð á að fara fram á ábyrgð gerðarbeiðenda, stjórnar Kaupfélags Sigfirðinga, kosinnar 21. júní 1945, þeirra Jóhanns Þorvaldssonar o. fl., gegn þeirri tryggingu, er fógeti kann að krefjast. Gerðarþolar, áður kosin stjórn Kaupfélags Sigfirðinga, þeir Ottó Jørgensen o. fl., greiði óskipt gerðarbeiðendum kr. 5000.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. febrúar 1946.

Nr. 91/1945 **Sigurður Jónasson, Gestur Pálsson og Jónas Ólafsson** (Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

**Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök** (Hdl. Hermann Jónsson)

og **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** gegn

**Ólafi Þorsteinssyni og Sigurborgu Geirmundsdóttur.**

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skattamál.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1945. Krefjast þeir *aðallega* algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, *til vara*, að þeim verði aðeins dæmt að greiða kr. 2293.76, *en til vara*, að þeim verði einungis gert að greiða kr. 21598.08, og loks til *þrautavara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 52127.04.